# FRÉTTABLAÐIÐ

131. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. JÚNÍ 2018




**Frá Alþingi í gærkvöld. Stjórnarandstaðan fór mikinn í eldhúsdagsumræðum og gagnrýndi ríkisstjórnina vegna fyrirhugaðrar lækkunar á veiðigjöldum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Tíu stærstu fá helming lækkunarinnar

**Heildarlækkun veiðigjalda á næsta ári verður á þriðja milljarð króna, verði frumvarp þess efnis samþykkt. Hagfræðingur gagnrýnir frumvarpið fyrir að hygla stórum fyrirtækjum en forsætisráðherra segir að komið sé til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki.**

**ALÞINGI** Varlega áætlað má gera ráð fyrir að stórar útgerðir, það er útgerðir sem greiða 30 milljónir eða meira í veiðileyfagjald, taki til sín að minnsta kosti 80 prósent af þeirri lækkun veiðileyfagjalds á næsta fiskveiðiári sem boðað frumvarp atvinnuveganefndar Alþingis felur í sér. Þetta sýna útreikningar Fréttablaðsins. Stóru útgerðirnar eru á sjötta tug talsins.

Heildarlækkun veiðigjaldanna nemur um 2,6 milljörðum króna, verði lækkun veiðigjaldanna 24 prósent eins og frumvarpið gerir ráð fyrir á algengustu tegundirnar. Fágætari tegundir eiga það til að lækka meira og því gæti heildarlækkunin orðið enn meiri. Af þessum 2,6 milljörðum munu gjöld 10 stærstu útgerðanna lækka um rúmlega 1,3 milljarða með breytingunum. Þær munu, með öðrum orðum, taka til sín um helming lækkunarinnar.

Í umsögnum um frumvarpið hefur verið gagnrýnt að það hygli stórum fyrirtækjum. „Hin augljósa niðurstaða veiðigjaldafrumvarpsins er sú að þegar öll gjöld eru lækkuð skilar það sér mest til þeirra stærstu þó að reynt sé að telja fólki trú um að aðgerðin sé fyrst og fremst hugsuð til að bæta hag lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

> **Gagnrýnt er í umsögnum um frumvarpið að það hygli stórum fyrirtækjum í sjávarútvegi.**

Til að koma til móts við rekstur þeirra fyrirtækja sem kunna að eiga í erfiðleikum eru til aðrar mun einfaldari aðgerðir sem þurfa ekki jafnframt að fela í sér eftirgjöf til allra útgerða, stórra og smárra,“ segir í umsögn Bolla Héðinssonar hagfræðings.

„Það er verið að auka vægi sértækra afslátta gagnvart litlu og meðalstóru fyrirtækjunum. Það er ein kerfisbreytingin sem felst í málinu. Það er verið að koma sérstaklega til móts við þær. Ef kerfið væri óbreytt þá myndi það ekki skila sér,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um frumvarpið.

Katrín segist skilja gagnrýni stjórnarandstöðunnar á frumvarpið, enda liggi það alveg skýrt fyrir að það sé lagt fram seint. – **joe, jhh** / **sjá síðu 4**


**11 DAGAR í HM**



ALFREÐ FINNBOGASON

ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnunum


## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Samgönguráðherra skrifar um öryggi á þjóðvegum. 11

**SPORT** Alls verða sjö íslenskir fulltrúar fyrir hönd Íslands á CrossFit-leikunum í Madison. 12

**MENNING** Hrafnhildur Arnardóttir verður fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 2019. 18

**LÍFIÐ** Hin sögufræga eyja Vigur er komin í söluferli. Bóndinn ætlar að bregða búi en hann hefur búið þar í rúm 40 ár. 26




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Í dag verður áfram hæglætisveður á landinu. Sunnanlands verður skýjað að mestu og hiti um 10 stig. Í öðrum landshlutum ætti að rofa til, einkum inn til landsins. SJÁ SÍÐU 16

# Stund á milli stríða



Það voru margir sem fögnuðu sumrinu í gær, þegar sólin lét sjá sig í höfuðborginni. Sumir nýttu sér tækifærið til að sleikja sólina á Austurvelli og glugguðu jafnvel í bók. Veðurstofan gerir ráð fyrir að það verði skýjað suðvestanlands í dag en bjart víðast annars staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Óásættanleg bið vegna álags

**HEILBRIGÐISMÁL** „Eðli bráðastarfsemi er að það eru miklar sveiflur í henni og álag getur verið þannig að það er handagangur í öskjunni og þá er fólki forgangsraðað eftir bráðleika. Þá eru þeir teknir fyrst sem síst geta beðið en aðrir lent í að þurfa að bíða lengur en við teljum ásættanlegt,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, um mikið álag á Hjartagáttinni sem Fréttablaðið fjallaði um í gær.



**Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala.**

Páll kveðst ekki tjá sig um einstaka mál en staðfestir, líkt og yfirlæknir Hjartagáttarinnar í samtali við Fréttablaðið í gær, að mál viðkomandi sjúklings sé til skoðunar innan Landspítalans.

Líkt og greint hefur verið frá verður Hjartagáttin lokuð í fjórar vikur í júlí og bráðaþjónusta hennar færð yfir á bráðamóttökuna í Fossvogi vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Páll fjallaði fyrir helgi um mikinn skort á sérhæfðum hjúkrunarfræðingum í forstjórapistli sínum og hvernig sumarið nú væri sérstaklega erfitt.

En þarf ekki bara að fara að hækka launin hjá hjúkrunarfræðingum til að sækja aftur þá hjúkrunarfræðinga sem gefist hafa upp og fjölga þeim sem námið sækja? Páll segir vandann og lausnirnar margþættar eins og svo margt, starfsumhverfi, starfsaðstæður og vissulega launin. „Sem er verkefni ríkisins að leysa.“

Páll segir lokun Hjartagáttarinnar í sumar krísulausn til að komast í gegnum sumarið og allir voni að næsta sumar verði betra.

„En til að svo verði þarf nægа mönnun, sem er okkar stærsta áskorun.“ – smj

# Níu slösuðust á Kjalarnesi í hörðum árekstri

**SLYS** Alvarlegt bílslys varð skammt frá Enni á Kjalarnesi í gærkvöld og loka þurfti Vesturlandsvegi allt frá Þingvallavegi og að Hvalfjarðarvegi vegna slyssins. Mikill viðbúnaður var á staðnum en níu slösuðust í árekstrinum.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu lentu tvær bifreiðar saman og voru sjö sjúkrabifreiðar og þrjár slökkviliðsbifreiðar sendar á staðinn.

Um það bil fimmtíu starfsmenn voru kallaðir til á Landspítalanum til að sinna slösuðum, að því er RÚV greindi frá. Sagði aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans við sama miðil að spítalinn hefði verið settur á gult viðbragðsstig þegar hin slösuðu komu í hús en að því hefði verið aflétt stuttu síðar.
– þea, la




# Óánægja með nýjan bar í friðlýstu húsi Iðnó

**Breyting hefur verið gerð á innra skipulagi Iðnó sem fellur ekki í kramið hjá Minjastofnun og arkitekt. „Þetta er á mjög gráu svæði,“ segir arkitektinn. Skellt var í lás í Iðnó eftir að í ljós kom að starfsemi þar hefði ekki rekstrarleyfi.**

**VIÐSKIPTI** Iðnó er friðlýst og allar breytingar sem gerðar eru á húsinu þarf að fá leyfi fyrir hjá Minjastofnun. Fyrir nokkrum mánuðum var bar komið fyrir í anddyri hússins án samráðs og leyfis frá Minjastofnun. Páll V. Bjarnason arkitekt hannaði endurbygginguna á Iðnó að innan fyrir 21 ári. Hann hefur einnig verið viðloðandi ráðgjöf og fleira.

„Ég komst að því síðastliðið haust að búið væri að setja bar í anddyrið. Rekstraraðilar svara fyrir þetta með þeim rökum að barinn sé á hjólum og sé ekki naglfastur, innan gæsalappa. Þetta er á mjög gráu svæði þar sem þetta er friðlýst hús,“ segir Páll. „Þegar þetta kom upp á kallaði ég Pétur Ármannsson frá Minjastofnun til og fulltrúa frá borginni og við Pétur vorum sammála um að þetta gæti ekki gengið svona.“

Páll segir að tillaga hafi verið gerð í kjölfarið að bar sem væri í hliðarherbergjum og lítið mál væri að koma fyrir þar svo ekki myndaðist flöskuháls í anddyri. „Það var svo ekkert gert í þeim tillögum og ég hef ekki skipt mér af þessu í bili, en þetta blundar í manni,“ segir Páll. „Ég er ekki sáttur og mér finnst þetta ekki passa í svona virðulegt hús.“

Pétur Ármannsson hjá Minjastofnun tekur í sama streng. Barinn hafi verið settur upp án samráðs við stofnunina. „Þetta virðist vera mubla sem hægt er að færa en okkur fannst hún hvorki vel útfærð né staðsett. Við komum hins vegar fram athugasemdum um það og lögðum til aðra valkosti,“ segir Pétur. „Við gáfum þeim rúman tíma til breytinga, en það hafa ekki verið nein útspil frá þeim enn þá.“

Pétur segist ekki telja að nokkur spjöll hafi verið unnin á húsinu en áhyggjurnar séu vissulega til staðar. „Þetta er kannski ekki varanleg breyting á húsinu og þeir vita að við erum ekki ánægð með þennan bar.“ gj@frettabladid.is



Þegar Fréttablaðið bar að garði voru dyr Iðnó læstar. Hluti af barnum virðist hafa verið færður til en hluti er enn til staðar í anddyrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég er ekki sáttur og mér finnst þetta ekki passa í svona virðulegt hús.
>
> Páll V. Bjarnason, arkitekt

## Iðnó lokað í bili

Iðnó var synjað um rekstrarleyfi 18. maí síðastliðinn en bráðabirgðaleyfi rann út í janúar. Þegar Fréttablaðið spurðist fyrir taldi rekstraraðili málið vera misskilning og að staðurinn væri rekinn á bráðabirgðaleyfi.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu staðfesti það hins vegar að hvorki hefði verið gefið út rekstrarleyfi né bráðabirgðaleyfi vegna starfseminnar. Starfsemi hélt hins vegar áfram og var staðurinn því rekinn án leyfis.

Í kjölfar þess að Fréttablaðið hafði samband við Iðnó var dyrunum lokað og hafa viðburðir verið færðir að mestu í Tjarnarbíó.


POKASJÓÐUR
TÖKUM UPP
FJÖLNOTA

# Gosdrykkjastríð milli strákanna okkar

**MARKAÐSMÁL** „Við gleðjumst bara yfir því þegar menn ná góðum samningi við styrktaraðila, og því ekkert fúlir yfir því,“ segir Einar Snorri Magnússon, forstjóri Coca-Cola á Íslandi (CCEP), aðspurður hvort ekki sé svekkjandi að geta ekki stillt upp Gylfa Þór Sigurðssyni í auglýsingaherferð fyrirtækisins fyrir Heimsmeistaramótið í knattspyrnu.

CCEP er einn af aðalstyrktaraðilum Knattspyrnusambands Íslands og sjást nú Coke-auglýsingar prýddar íslensku landsliðsköppunum í fullum herklæðum um víðan völl.

Stærsta nafnið í íslenskri knattspyrnu er þó fjarverandi í herferðinni. Gylfi Þór er nefnilega andlit höfuðandstæðingsins, Pepsi, um þessar mundir og prýðir nú hverja flösku og dós af gosdrykknum hér á landi.

Margur myndi halda það martröð markaðsstjórans að vera með styrktarsamning en geta ekki stillt upp stærsta nafninu í auglýsingaherferð fyrir stærsta íþróttaviðburð veraldar, en Einar Snorri er þó hvergi banginn.

„Nei, nei. Þetta er liðsíþrótt. Einstaklingarnir skipta ekki máli, heldur liðið. Við erum með mjög gott lið engu að síður og við stólum á að liðið færi okkur sigur, fremur en einstaklingarnir.“ **– smj**



**Á meðan úrval leikmanna úr landsliðinu situr fyrir á Coke-auglýsingum er Gylfi Þór Sigurðsson einn á Pepsi-vagninum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


**Spennan í ferðaþjónustunni hefur farið minnkandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Nýting herbergja ekki verri í sjö ár

**FERÐAÞJÓNUSTA** Herbergjanýting á hótelum á höfuðborgarsvæðinu í apríl nam tæpum 66 prósentum og hefur hún ekki mælst minni í apríl síðan 2011. Til samanburðar var nýtingin tæp 80 prósent á síðasta ári. Í Hagsjá Landsbankans segir að það sem af er ári hafi herbergjanýtingin verið verri en á sömu tímapunktum í fyrra.

„Raunar þarf að fara aftur til áranna 2015 og 2016 til að finna verri herbergjanýtingu en á fyrstu þremur mánuðum ársins. Fyrir janúarmánuð þarf að fara aftur til ársins 2016 til að finna verri nýtingu en aftur til ársins 2015 til að finna verri nýtingu fyrir febrúar og mars,“ segir í Hagsjánni. Það séu því nokkur tíðindi að fara þurfi allt aftur til ársins 2011 til að finna verri nýtingu. **– jhh**

## GAMMA fær að reka gistiheimili

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið aðhefst ekkert vegna kaupa Almenna leigufélagsins, sem er í eigu GAMMA, á fjórum gistiheimilum í 101 og rekstrarfélaginu Reykjavík Apartments sem rekur gistiþjónustu í húsunum. Almenna leigufélagið er fyrirtæki sem hefur með höndum eignarhald og útleigu á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu til langs tíma á almennum markaði en að nokkru útleigu íbúðarhúsnæðis til skamms tíma til ferðamanna. **– jhh**

# Alltaf talið að veiðigjöldin ættu að endurspegla afkomuna

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samdi við atvinnuveganefnd um að leggja fram frumvarp um veiðigjöld vegna tímaskorts. Forsætisráðherra segir gjöldin þurfa að endurspegla afkomu greinarinnar. Skilur gagnrýni stjórnarandstöðunnar á hversu seint frumvarpið er lagt fram. Neitar að það tengist kosningunum.**

**ALÞINGI** „Veiðigjaldamálið er hneyksli, sprengja sem þau þorðu ekki að koma með fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Ásýndin á ríkisstjórninni er sú að öll mál sem varða aldraða og öryrkja fara í nefnd en útgerðin er sett í forgang,“ segir Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, um frumvarp atvinnuveganefndar um breytingar á veiðigjöldum.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir það vissulega rétt að frumvarpið sé seint fram komið. „Að því leyti til skil ég mætavel gagnrýni stjórnarandstöðunnar,“ segir Katrín. Hún harðneitar því að tímasetning á framlagningu frumvarpsins tengist sveitarstjórnarkosningunum. „Ég held að það eigi að fara varlega í að gera fólki upp einhverjar slíkar ástæður.“

Katrín leggur áherslu á að þetta sé tímabundið frumvarp og það hafi verið óhjákvæmilegt að þingið myndi takast á við veiðigjöldin með einhverjum hætti. „Því annars fellur heimild til innheimtu veiðigjalda niður,“ segir hún. Það verði heldur ekki litið fram hjá því að afkoma greinarinnar hafi versnað mjög.

Frumvarpið felur líka í sér þá breytingu að afkomutengd veiðigjöld miðist við afkomu sjávarútvegsins árið á undan í stað þess að miðast við afkomuna þremur árum áður.

„Það eru grundvallarspurningar sem við þurfum að svara á einhverjum tímapunkti á næstunni á vettvangi stjórnmálanna. Það er hvort við erum sammála því að færa álagninguna nær í tíma. Ég er sammála því. Hitt er hvort veiðigjöldin eigi að endurspegla afkomuna. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að veiðigjöldin eigi að vera afkomutengd. En það hefur það óhjákvæmilega í för með sér að verri afkoma skilar lægri gjöldum,“ segir Katrín. Þetta séu spurningar sem þingið þurfi að takast á við.

Það hefur vakið athygli að atvinnuveganefnd leggur frumvarpið fram en ekki ráðherra. Athyglin beinist því meira að Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, formanni nefndarinnar og þingmanni Vinstri grænna, en Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og þingmanni Sjálfstæðisflokksins.

Katrín segir að þetta skýrist af því hversu seint frumvarpið var lagt fram. „Það er vel þekkt að þegar liðið er á þingið er einfaldara að meirihluti nefndar leggi mál fram heldur en að ráðherra leggi það fram. Þetta hefur oft verið gert og af því að málið er svona seint fram komið að þá var það samkomulag ráðherrans við meirihluta nefndarinnar að gera þetta svona.

jonhakon@frettabladid.is


**Katrín segir að taka verði mið af því að afkoma í sjávarútvegsgeiranum hafi farið versnandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Veiðigjaldamálið er hneyksli, sprengja sem þau þorðu ekki að koma með fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.**
>
> Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar










# Alveg hreint frábærar fréttir

## Í dag tökum við í notkun nýja skólphreinsistöð í Borgarnesi

**Í tilefni af opnuninni bjóðum við Borgnesingum í heimsókn á Brákarey í dag, þriðjudaginn 5. júní kl. 16–18.**

Inga Dóra Hrólfsdóttir framkvæmdastjóri Veitna og Gunnlaugur A. Júlíusson bæjarstjóri ávarpa samkomuna og síðan verður gestum boðið að skoða stöðina og þiggja veitingar.

**Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is**

VEITUR

KAUPAUKI!
LG 55" UHD SJÓNVARP
fylgir fánamerktum bílum í júní!

STÓRLEIKURINN ER Í BÍLALANDI

Þeir sem komast ekki til Rússlands skella sér bara á Stórleikinn í Bílalandi. Við spilum á gríðarsterkum hóp tilboðsbíla í öllum stöðum og stærðum og allir í sínu besta formi.

www.bilaland.is



**Range Rover Evoque HSE**
Nýskr. 01/16, ekinn 8 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.990 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**7.290 þús. kr.**
Rnr. 390578



**RENAULT CLIO Expression Sport Tourer**
Nýskr. 12/14, ekinn 61 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 1.790 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**1.390 þús. kr.**
Rnr. 144566



**HYUNDAI Santa Fe III Comfort**
Nýskr. 06/15, ekinn 103 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**3.590 þús. kr.**
Rnr. 390665



**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 06/16, ekinn 73 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.150 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**2.490 þús. kr.**
Rnr. 144515



**HYUNDAI iX35 Comfort**
Nýskr. 10/13, ekinn 26 þ.km, bensín/metan, sjálfskiptur.
Verð 2.990 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**2.390 þús. kr.**
Rnr. 144782



**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 05/17, ekinn 26 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 3.950 þús. kr.
BOLTAVERÐ:
**3.490 þús. kr.**
Rnr. 144542

bílaland
Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM88596

## Dauða Khomeini minnst



Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans, hélt sannkallaða eldræðu í grafhýsi fyrirrennara síns, Ruhollah Khomeini, í gær þegar Íranar minntust þess að 29 ár voru liðin frá dauða hans. „Óvinir okkar hafa háð efnahagslegt og sálfræðilegt stríð gegn okkur. Teheran mun svara hverri árás af tíföldum krafti,“ sagði Khamenei. NORDICPHOTOS/AFP

# Ræða þurfi lífeyrismál út frá kynjajafnrétti

**Íslendingar þurfa að fara að fjalla um lífeyrismál út frá jafnrétti kynjanna, segir forstjóri Tryggingastofnunar. Ekki hafi verið fjallað nægilega mikið um þá hlið. Norðmenn hafa gripið til ýmissa aðgerða til að stuðla að auknum jöfnuði.**

**VINNUMARKAÐUR** „Það er mjög mikilvægt að skoða lífeyrisréttindi út frá kynja- og jafnréttissjónarmiði. Þetta er þarft umræðuefni sem mér finnst við Íslendingar ekki hafa fjallað nægilega mikið um,“ segir Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar. Þessi mál voru rædd á Evrópuráðstefnu á vegum alþjóðasamtaka almannatryggingastofnana sem fór fram í Reykjavík á dögunum.

Thore Hansen, frá norsku almannatryggingastofnuninni NAV, kynnti á ráðstefnunni leiðir sem Norðmenn hafa farið til að jafna lífeyrisréttindi kynjanna. „Flest almannatryggingakerfi eru þannig uppbyggð að lífeyrisgreiðslur haldast í hendur við þær tekjur sem einstaklingar afla um ævina. Þar sem hallar á konur þegar kemur að atvinnuþátttöku og tekjum þýðir þetta að lífeyrisgreiðslur þeirra eru líka lægri.“

Thore segir að Norðmenn hafi endurskoðað sitt kerfi 2011 og kynnt til sögunnar ýmsar sértækar aðgerðir í því skyni að jafna þennan mun. Til að mynda safna foreldrar sem eru heima með börnum upp að sex ára aldri réttindum til lífeyrisgreiðslna, þótt þeir séu ekki á vinnumarkaði.

> **Það er mjög mikilvægt að skoða lífeyrisréttindi út frá kynja- og jafnréttissjónarmiði.**
>
> Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar



„Samkvæmt rannsóknum mun nýja kerfið, þegar það er komið að fullu til framkvæmda, leiða til þess að konur munu að jafnaði fá 7% lægri lífeyrisgreiðslur heldur en karlar í stað 27% munar sem er nú. Hefðum við alls engin jöfnunarúrræði í kerfinu væri munurinn 43%.“

Á Íslandi var þessi munur 20% árið 2014 samkvæmt tölum frá OECD.

Sigríður Lillý segir nálgun Norðmanna áhugaverða. „Þessi leið er þó ekki gagnrýnislaus. Það hefur verið bent á að með þessu sé verið að festa óbreytt ástand í sessi. Aðrir vilja frekar eyða launamun og gera það sem þarf til að jafna atvinnuþátttöku kvenna.“

Meðal annarra fyrirlesara á ráðstefnunni var Spánverjinn Miguel de la Corte sem starfar sem sérfræðingur í jafnréttisteymi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hann segir áskoranirnar margar þegar kemur að kynjajafnrétti á vinnumarkaði.

Í drögum að tilskipun um jafnvægi milli vinnu og einkalífs eru meðal annars lagðar til breytingar á foreldraorlofi í ríkjum sambandsins og fyrirmyndir sóttar til Íslands og hinna Norðurlandanna. „Ég er mjög hrifinn af ykkar kerfi þar sem ákveðinn hluti orlofsins er ætlaður feðrum eingöngu. Þið hafið séð árangurinn, hér ríkir meira jafnrétti á vinnumarkaði og atvinnuþátttaka kvenna er meiri en í ESB.“

De la Corta segir nauðsynlegt að grípa til aðgerða nú til að stuðla að jafnari réttindum kynjanna til lífeyrisgreiðslna í framtíðinni. „Það er mjög mikilvægt að bæði kynin starfi á öllum sviðum vinnumarkaðarins, núna eru konur í meirihluta í greinum þar sem laun eru lægri. Þetta mun ekki gerast á einni nóttu. Við þurfum að byrja á menntuninni og breyta hugarfari fólks.“

**sighvatur@frettabladid.is**

# Meira fiskmeti




FISHERMAN

## Fisherman fiskréttir

Einföld og handhæg samsetning sem gerir þig að listakokki.
Hollur matur fyrir kröfuharða, tilbúinn á innan við 10 mínútum.




**Fisherman lax**

500 g

**1.349** kr/pk




**Fisherman fiskibollur**

500 g

**769** kr/pk




**Fisherman laxagna**

450 g

**1.489** kr/pk



**FERSKUR FISKUR ÚR FISKBORÐI ALLA DAGA**
**Í KRINGLU, GARÐABÆ OG Á AKUREYRI**

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP *Meira svona alla daga*



**Frá Rakka-héraði í Sýrlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Í fangelsi vegna ferða til Rakka

**DANMÖRK** Tæplega fertugur Dani, Tommy Mørck, var í rétti í Árósum dæmdur í sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa dvalið á átakasvæði í Sýrlandi án leyfis. Saksóknari hélt því fram að hinn dæmdi hefði frá því í nóvember 2016 fram í mars 2017 farið til Rakka-héraðs í Sýrlandi allt að 25 sinnum. Samkvæmt lögum frá því í september 2016 er dvöl á vissum átakasvæðum bönnuð. Viðurlög geta verið allt að sex ára fangelsi.

Mørck, sem hafði barist gegn Íslamska ríkinu með YPG, hersveitum Kúrda, sagði að vel gæti verið að hann hefði verið á bannsvæði, hann hefði hvorki haft landakort né staðsetningartæki með sér. – ibs

## Þurfti ekki að baka fyrir samkynja par

**BANDARÍKIN** Kristnum bakara í Colorado í Bandaríkjunum var heimilt að neita brúðkaupstertupöntun samkynja pars á grundvelli kynhneigðar þeirra. Svo úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna í gær. Tveir dómarar af níu skiluðu hins vegar séráliti og voru ósammála meirihlutanum.

Bakarinn, Jack Phillips, beið ósigur fyrir dómstól í Colorado og komst sá dómstóll að þeirri niðurstöðu að Phillips væri ekki heimilt að mismuna parinu.

Hæstiréttur sneri dómnum hins vegar við og sagði dómstólinn í Colorado hafa brotið á stjórnarskrárvernduðum rétti Phillips til trúfrelsis. Í dómi hæstaréttar var hins vegar ekki kveðið á um í hvers konar tilfellum væri heimilt að mismuna fólki í skjóli trúfrelsis og ekki heldur hvort kökubakstur félli undir tjáningarfrelsið. Dómurinn verður sem sé ekki fordæmisgefandi. – þea



**Björgunarfólk leitaði að íbúum í bænum San Miguel Los Lotes í gær. Aska þakti hvern fersentimetra bæjarins.** NORDICPHOTOS/AFP

# Líklegt að tala látinna hækki eftir versta gosið í rúma öld

**Tugir fórust í mannskæðasta eldgosi undanfarinna hundrað ára í Gvatemala. Hundruð hafa slasast og margra er saknað. Forsetinn lýsti yfir þriggja daga þjóðarsorg og neyðarástandi í nágrenni við eldfjallið.**

**GVATEMALA** Að minnsta kosti 62 höfðu í gær farist, hundruð höfðu slasast og tuga var saknað vegna eldgoss í eldfjallinu Volcan de Fuego í Gvatemala sem hófst á sunnudag. Búist er við því að talan fari hækkandi. Gosið er það mannskæðasta þar í landi í meira en öld. Eftir sextán og hálfs klukkutíma eldgos á sunnudaginn streymdi gusthlaup yfir nærliggjandi svæði í gær.

Jimy Morales forseti hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg. Þá hefur neyðarástandi sömuleiðis verið lýst yfir í nærliggjandi sveitum á meðan hamfarirnar standa yfir og björgunarstarf fer fram.

„Kvikustreymið hefur flætt yfir farveg sinn og inn í bæinn El Rodeo. Margir íbúar eru slasaðir, brenndir og dánir,“ sagði Sergio Cabanas, framkvæmdastjóri hamfaravarna í Gvatemala, í neyðarútsendingu í útvarpi. Samkvæmt hamfaravörnum hafa rúmlega 3.000 þurft að yfirgefa heimili sín.

Öll hin látnu, svo vitað sé, eru frá bæjunum El Rodeo, Alotenango og San Miguel los Lotes. Cabanas sagði hins vegar líklegt að fólk hefði farist sömuleiðis í bænum La Libertad. „Því miður grófst El Rodeo undir í hamförunum. Þá höfum við ekki náð að komast til La Libertad vegna kvikustraumsins. Kannski lést fólk líka þar,“ sagði Cabanas.

> **Gosið er það mannskæðasta frá því Santa Maria gaus árið 1902 og kostaði þúsund-ir lífið.**

„Við sluppum ekki öll undan gosinu. Ég held að þau hafi grafist undir í gosinu,“ sagði Consuelo Hernandez, sem var úti á akri þegar fjallið gaus, um fjölskyldu sína við starfsmann hamfaravarna í myndbandi sem birt var í gær.

Um er að ræða annað gosið í eldfjallinu á árinu, en það er eitt hið virkasta í Rómönsku-Ameríku. Í febrúar gaus fjallið miklu öskugosi en mannfall var ekkert. Samkvæmt BBC er gosið á sunnudaginn hið mannskæðasta í Gvatemala frá árinu 1902. Þá gaus Santa Maria og felldi þúsundir.

Gusthlaup, líkt og streymdi frá Volcan de Fuego í gær, geta verið afar hættuleg. Þá nær brennandi heit gjóskan ekki að stíga upp til himins heldur svífur hún niður fjallshlíðarnar. Hlaupin geta farið hratt yfir, hraðar en nærstaddir gera sér grein fyrir, eða allt að 700 kílómetra á klukkustund. Algengara er þó að hlaupin fari þó um eða upp úr hundrað kílómetra á klukkustund. Gosefnin í hlaupunum geta svo orðið gríðarlega heit, allt frá 200 og upp í 700 gráður, samkvæmt vísindablaðamanni BBC.

thorgnyr@frettabladid.is




Nýr T-Roc. Fjórhjóladrifinn
og fæddur til að skara fram úr.
Komdu og prófaðu nýjustu stjörnuna frá Volkswagen.
Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og reynsluaktu Volkswagen T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.
Volkswagen T-Roc
Verð frá aðeins
3.290.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Erfðasaga óstöðugleikans



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Ný rannsókn Sunnu Ebenesersdóttur og Agnars Helgasonar, líffræðilegra mannfræðinga hjá Íslenskri erfðagreiningu, á uppruna landnámsmanna Íslands er einstakt framlag til íslenskrar menningar og vísinda. Þó svo að rannsóknarúrtakið sé tiltölulega fáliðað – 25 einstaklingar sem grafnir voru upp úr kumlreitum frá landnámsöld – gefa niðurstöður þeirra sterka vísbendingu um að forfeður okkar sem settust hér að hafi verið mun jafnari hópur norræna manna og Kelta en áður var talið. Nánar tiltekið 57 prósent norrænir menn en 43 prósent Keltar.

Út af fyrir sig eru þetta athyglisverðar niðurstöður, en þegar erfðaefni þessa hóps er borið saman við DNA úr núlifandi einstaklingum, birtast sláandi niðurstöður sem varpa ljósi á hvernig hin harðneskjulega tilvist á miðöldum og á seinni tímum meitlaði til erfðaefni nútíma Íslendinga í gegnum náttúruhamfarir, skelfilegar farsóttir, hungursneyð og blöndun við aðra hópa. Afleiðingin er gríðarlegt genaflökt síðustu 1100 ára og að Íslendingur 21. aldarinnar hefur fjarlægst upprunaþjóðir sínar í Skandinavíu og á Bretlandseyjum. Nútíma Breti er líkari forfeðrum okkar en við afkomendurnir. Við erum erfðafræðilegt eyland í samanburði við erfðir nágrannaþjóða okkar. Það vill svo til að þetta eyland er gullnáma fyrir erfðavísindamenn.

Um leið undirstrika niðurstöðurnar þá staðreynd að erfðaefni þess hóps sem býr á þessari eyju í Norður-Atlantshafi og kennir sig við Ísland er í stöðugri þróun, og hefur verið það frá upphafi. Það er ekkert til sem heitir hreinræktaður Íslendingur. Í raun er það þvæla að halda því fram að til sé „hrein“ þjóð, því saga mannsins, þekking hans og menning síðustu 70 þúsund ára byggir á fólksflutningum og blöndun mismunandi hópa.

Óstöðugleiki er líklega rétta orðið til að lýsa þessari þróun undanfarnar aldir. Óstöðugleikinn er, eins og við vitum öll, erfiður. Oft sársaukafullur. En í hinu víða samhengi er hann nauðsynlegur. Stöðnun er dauði. Það er því með stolti sem við ættum að undirstrika það að samtímamenning okkar er hverful, aðeins birtingarmynd núverandi tilhneiginga sem mun hverfa í ölgusjó sögunnar.

Það er í þessu samhengi sem rannsóknir eins og þær sem Sunna og Agnar stunda sanna mikilvægi sitt. Í þeim felst ómetanlegt tækifæri fyrir nútímamanninn til að spegla sig í reynslu þeirra sem komu á undan. Þeirra sem flúðu styrjaldir og ánauð og leituðu nýrra tækifæra í fjarlægu landi. Þetta er saga okkar síðustu árþúsunda, og hana ættum við að hafa í huga næst þegar hingað kemur fólk í leit að nýju lífi.

> **Þetta er saga okkar síðustu árþúsunda, og hana ættum við að hafa í huga næst þegar hingað kemur fólk í leit að nýju lífi.**





**Varmadælur & loftkæling**

Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land


## Halldór




## Frá degi til dags

**Humar ekki á matseðlinum**

Sálfræðiprófessorinn umdeildi Jordan Peterson kom til landsins á sunnudag ásamt sínu mæðraveldi; eiginkonu, móður og móðursystur. Peterson er hingað kominn til þess að halda tvo fyrirlestra í Hörpu. Þann fyrri hélt hann í gærkvöld og þann síðari heldur hann í kvöld. Gestgjafi hans bauð föruneytinu til kvöldverðar á Holtinu í fyrrakvöld. Frosti Logason í Harmageddon var einn matargestanna. Hann upplýsti á Fréttablaðið.is í gær að humarhalar hefðu ekki verið á matseðlinum en Peterson notar það dýr sem aldagamalt dæmi um að stigveldi sé náttúrulögmál. Peterson fékk bleikju og nautakjöt og lét vel af íslenska matnum sem hann borðaði sósulausan.

**Þjóðkirkjupönkarinn**

Útvarp Satan, fyrsta plata pönksveitarinnar Austurvígstöðvarnar, kom út rafrænt á sjómannadaginn. Séra Davíð Þór Jónsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, er forsöngvari og textahöfundur sveitarinnar. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið.is í gær að hann fengi ekki mörg hornaugu fyrir að vera pönkari í hjáverkum og það væri þá helst frá litlum en háværum hópi þeirra virkustu í athugasemdum. „Stéttin telur á annað hundrað manns og ef við viljum vera þjóðkirkja þá hlýtur að vera pláss fyrir einn pönkara í þeim hópi.“

**thorarinn@frettabladid.is**

# Vöxtur og verðmæti



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Utanríkisráðherra hafði orð á því í ræðustól Alþingis fyrir nokkrum vikum að til þess að viðhalda óbreyttum vexti í hagkerfinu þyrftu Íslendingar að auka verðmæti útflutnings í næstu framtíð um einn milljarð á viku. Það þarf nokkuð til en það vantar ekkert á að menn vilji svara kallinu.

Á dögunum heimsótti ég Vestfirði eins og oft áður. Lífið er þar gott og ánægjulegt að hitta mann og annan. Þó er vel merkjanlegur sá andi meðal íbúanna fyrir vestan, að staða þeirra og varnarbarátta sé ekki metin af sanngirni eða af skilningi. Í sögulegu samhengi hafa Vestfirðingar verið veitendur, verið sjálfbjarga, vilja það og geta.

Ný atvinnugrein er á hraðri uppleið á suðurfjörðum Vestfjarða. Laxeldi er nú í fjórum fjörðum allt norður í Dýrafjörð. Í Ísafjarðardjúpi stendur hnífurinn hins vegar í kúnni. Hælarnir eru settir niður. Búin eru til skyndimódel og líkön sem torvelda markmið heimamanna um að hefja hæga og markvissa uppbygginguna. Hún er þó reyndar löngu hafin, því gamalgróið útgerðarfyrirtæki hefur um árabil stundað fiskeldi á þessu svæði. Það eru umdeild, veik og óásættanleg rök sem tefja viðleitni til uppbyggingar á svæðinu.

Þau fyrirtæki sem koma að laxeldi kalla eftir skýrri löggjöf, regluverki og alvöru eftirliti en á það skortir verulega eins og dæmi sýna. Enn er líka á reiki hvernig gjaldtöku verður háttað af sameiginlegri strandsjávarauðlind. Þarna eru stjórnvöld með buxurnar á hælunum og á meðan fá hindurvitni, stóryrði og rangfærslur að óma um allt samfélagið.

Útflutningsverðmæti afurða laxeldisfyrirtækja á Vestfjörðum nálgast 10 milljarða á þessu ári. Til samanburðar námu heildarverðmæti á útfluttu, hefðbundnu sjávarfangi um 110 milljörðum árið 2017. Þessi atvinnuvegur skiptir því máli. Það skiptir miklu að við sköpum trausta umgjörð um greinina, umgjörð sem byggir á fagmennsku, vísindum, óyggjandi rannsóknum, varfærni og sanngirni gagnvart fólki í byggðarlögunum. Þarna hafa stjórnvöld hlutverki að gegna og þau þurfa að taka sig á.

> **Hælarnir eru settir niður. Búin eru til skyndimódel og líkön sem torvelda markmið heimamanna um að hefja hæga og markvissa uppbyggingu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hægri umferð í 50 ár



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Með miklu og samhentu átaki í aðdraganda þess að skipt var úr vinstri yfir í hægri umferð á Íslandi fyrir 50 árum var lagður grunnur að vitund Íslendinga um ábyrgð sína í umferðaröryggismálum og mikilvægi forvarna og fræðslu.

Slysum fækkaði umtalsvert í kjölfar H-dagsins öfugt við fullyrðingar andstæðinga þessara breytinga um hið gagnstæða. Ber þar án efa að þakka þeim sem báru hitann og þungann af undirbúningnum, en öflug vitundarvakning um umferðaröryggi varð í aðdraganda 26. maí 1968.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að við forgangsröðun í vegamálum verði litið til ólíkrar stöðu svæða, ferðaþjónustu og öryggissjónarmiða. Á þessu ári er áætlað að verja auknu fé til aðgerða á sviði umferðaröryggis. Aðgerðirnar snerta fræðslu og eftirlit með okkur ökumönnum, aðgerðir á vegakerfinu og rannsóknir á hegðun okkar í umferðinni.

## Markmiðið að fækka slysum

Í mínum huga er alveg ljóst að hver króna sem fer til þess að auka umferðaröryggi okkar skilar sér. Er þá sama hvert litið er. Eftirlit lögreglu nær þeim sem brjóta umferðarreglur og kennir okkur lexíu, fræðslan nær til allra aldurshópa vegfarenda og stuðlar að því að gera okkur að betri vegfarendum, aðgerðir og endurbætur á vegum miða að því að minnka áhættu og draga úr afleiðingum umferðarslysa og færa okkur vitneskju um hvar við getum bætt úr.

## Öryggisaðgerðir

Meðal öryggisaðgerða á þjóðvegum er að bæta merkingar enn frekar, til dæmis þar sem vegir liggja að einbreiðum brúm. Auk þess er markvisst unnið að því að fækka einbreiðum brúm. Þá þarf að eyða svartblettum, þ.e. ráðast í aðgerðir á svæðum þar sem slys hafa verið tíð. Dæmi um það er að lengja vegrið, laga vegfláa og bæta úr þar sem umhverfi vega getur verið skeinuhætt fólki ef t.d. bíll lendir út af. Þá er brýnt að fjölga stöðum meðfram vegum þar sem ferðamenn geta stöðvað til að njóta landsins án þess að valda sjálfum sér eða öðrum hættu.

## Nýjar eftirlitsmyndavélar

Umferðaröryggisáætlun er sett fram með samgönguáætlun og nú er til skoðunar aðgerðaáætlun áranna 2018 til 2021. Eitt fjárfrekasta einstaka verkefnið nú er að endurnýja eftirlitsmyndavélar með ökuhraða og er gert ráð fyrir að kaupa nokkrar nýjar myndavélar á hverju þessara fjögurra ára. Undanfarin ár hafa verið skráð milli 20 og 45 þúsund brot á ári hverju og eykst fjöldinn í réttu hlutfalli við fjölgun eftirlitsmyndavéla. Þá má nefna að innheimt sektarfjárhæð vegna hraðakstursbrota eftir myndavélaeftirlit nam 217-293 milljónum króna árin 2015-2017.

## Meira aðhald

Unnið er að heildarendurskoðun umferðarlaga. Markmiðið er að stuðla enn frekar að umferðaröryggi en brýnt er að bregðast við þeirri þróun sem hefur orðið í samfélaginu á undanförnum árum. Umferðarsektirnar sem við fáum ef við erum staðin að því að brjóta umferðarreglur veita okkur aðhald í umferðinni. Ný reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum hefur tekið gildi. Lágmarkssektarupphæð er nú 20 þúsund krónur en var áður 5 þúsund krónur. Undantekning er þó sekt við því að hafa ekki ökuskírteini meðferðis, hún verður 10 þúsund krónur. Þá hefur sekt fyrir að nota farsíma við stýrið án handfrjáls búnaðar hækkað í 40 þúsund krónur. Það er dauðans alvara að virða ekki þessar reglur – sektir fyrir að brjóta umferðarlög eiga að koma við kaunin á okkur. Eftirlit og sektir ef við brjótum af okkur veita aðhald og eru til þess fallin að gera okkur að betri vegfarendum. Það er kjarni málsins þegar umferðaröryggi er annars vegar.

## Tímamót fyrir 50 árum

H-dagurinn 26. maí 1968 markaði tímamót og nýja hugsun í umferðaröryggismálum hér á landi. Þökk sé þeim sem vörðuðu þessa leið svona vel til framtíðar. Fyrst og fremst er ábyrgðin samt hjá okkur sjálfum – við ráðum því sjálf hvaða árangri við náum í umferðaröryggi og slysavörnum. Lítum í eigin barm.

# Áin er okkur kær



**Guðrún Sigurjónsdóttir**
bóndi á Glitstöðum í Norðurárdal

Ég las nýlega Bakþanka Benedikts Bóasar um laxeldi í þessu blaði. Ekki deilum við nú sömu skoðun hvað það varðar.

Sjálf er ég af þriðju kynslóð bænda sem hafa gætt að umhverfi Norðurár í Borgarfirði og áin er okkur kær. Hún er ekki bara falleg heldur hefur hún verið lífgjafi í sveitinni um áratugaskeið.

Ólíkt Benedikt Bóasi finnst okkur sem viljum vernda náttúrulegt lífríki fátt fyndið hvað varðar laxeldi í sjókvíum. Okkur finnst það dauðans alvara. Við viljum ekki hugsa þá hugsun til enda ef laxeldi hér fer sömu leið og í nágrannalöndum okkar, þar sem vinsælar stangveiðiár hafa til dæmis orðið fyrir óafturkræfum áhrifum vegna erfðablöndunar eldisfisks við villta laxastofna. Of hátt hlutfall af lífsafkomu okkar kemur af stangveiðinni til þess að við getum látið það sem því ógnar óáreitt.

Laxeldismenn skýla þeir sér á bak við að eldið sé ein af grunnstoðum byggðar. Það er örugglega rétt en það heldur áfram að vera það þó svo að laxeldið fari í lokaðar kvíar á landi.

Það gleymist of oft í þessari umræðu að tekjur til eigenda bújarða af stangveiði hafa um árabil verið mikil stoð við byggð í sveitum landsins. Störf tengd stangveiðinni mynda mikilvæga atvinnugrein sem er ein af undirstöðum búsetu víða í dreifbýli Íslands.

**Laxeldismenn skýla þeir sér á bak við að eldið sé ein af grunnstoðum byggðar. Það er örugglega rétt en það heldur áfram að vera það þó svo að laxeldið fari í lokaðar kvíar á landi.**

Vísindamenn hafa alls ekki haldið því fram að sjókvíaeldi sé óhætt eins og Benedikt Bóas sagði í Bakþönkum sínum. Þvert á móti. Til dæmis liggur fyrir að vísindamenn á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins hafa sagt að sjókvíaeldi sé ein helsta ógnin sem steðjar að villtum laxastofnum. Staðreyndin er sú að mikil áhætta fylgir laxeldi í sjó og hafa vísindamenn í því sambandi bent á hættuna á erfðablönduninni en líka á að sjókvíaeldi fylgir mengun, sjúkdómahætta, lúsafaraldur og notkun eiturefna og sýklalyfja.

Því miður hefur hér á Íslandi ekki verið staðið almennilega að því að móta þessa nýju atvinnugrein. Við megum ekki endurtaka mistök annarra þjóða. Sú aðferð að ala lax í sjókvíum er ógn við náttúruna. Okkur ber að varðveita lífríkið og umgangast auðlindirnar þannig að þær nýtist okkur og afkomendum okkar um ókomin ár.

Laxeldið upp á land – og þá getum við öll verið stolt af okkar afurðum.



# Miðað við höfðatölu höfum við náð óeðlilega góðum árangri

**Alls verða sjö fulltrúar fyrir hönd Íslands á CrossFit-leikunum í Madison í Bandaríkjunum í ágúst. Rúmlega 340.000 manns hófu keppni á fyrsta stigi en Ísland á fjórar af fjörutíu konum sem keppa á lokastiginu.**


Sara, Katrín Tanja og Annie Mist hafa allar komist á verðlaunapall á heimsleikunum undanfarin ár, þar af hafa Annie og Katrín unnið tvívegis en Evert er vongóður um að þessar þrjár geri atlögu að fyrsta sætinu í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**CROSSFIT** Ísland mun eiga einn tíunda af þátttakendum í keppninni um hraustustu konu heims á CrossFit-leikunum í Bandaríkjunum í ágúst en alls taka fjórar íslenskar konur þátt. Þá keppir Björgvin Karl Guðmundsson í karlaflokki ásamt því að tveir unglingar fara út og keppa í sínum aldursflokki, en þau eru á sextánda aldursári. Um er að ræða síðasta stig CrossFit-leikanna þar sem aðeins fjörutíu sterkustu einstaklingar heims komast að.

Tvær íslenskar konur, Katrín Tanja Davíðsdóttir og Annie Mist Þórisdóttir, stefna á gullið á ný en þær hafa báðar unnið keppnina tvívegis og með því hlotið titilinn hraustasta kona heims. Oddrún Eik Gylfadóttir keppir í fyrsta sinn í einstaklingsflokki en Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir keppir fjórða árið í röð og reynir að bæta besta árangur sinn sem er þriðja sætið.

### Óeðlilega góður árangur

Rúmar átta vikur eru í að heimsleikarnir hefjist en keppt er í unglinga- og einstaklingsflokki, flokki aldraðra og liðakeppni. Fara þarf í gegn um tvær undankeppnir til að komast inn á leikana sjálfa.

„Þetta eru átta undanriðlar, fyrsta keppnin er opin öllum í heiminum og þar voru 340.000 manns sem voru skráðir til leiks. Bestu einstaklingarnir úr þeim komast í keppni sem er kölluð Regionals sem kláraðist um helgina og þar komast einstaklingar inn á leikana sjálfa, nú síðast Oddrún um helgina sem varð fimmti Íslendingurinn.

Það má áætla að það séu um 170.000 sem byrji þetta og 40 standi eftir á leikunum sjálfum,“ sagði Evert Víglundsson, þjálfari og einn eigenda CrossFit Reykjavík, þegar Fréttablaðið heyrði í honum.

> Það er magnað að það er engin önnur þjóð en Bandaríkjamenn sem á jafn marga fulltrúa og Íslendingar sem keppa á leikunum.
>
> Evert Víglundsson

„Þetta er orðið margra milljarða krónu virði, CrossFit-vörumerkið, og risastórt úti um allan heim,“ segir Evert en aðeins Bandaríkin eiga fleiri þátttakendur á leikunum.

„Það er í raun magnað, það er engin önnur þjóð sem á jafn marga fulltrúa og Íslendingar sem keppa á leikunum.“

Í raun er þetta óeðlilega góður árangur í þessum keppnum, sérstaklega ef litið er til þess að við erum í raun jafn mörg og íbúar í þorpi í Bandaríkjunum.“

Hann var nokkuð vongóður fyrir hönd íslenska keppnisfólksins um að komast á verðlaunapall.

„Ég tel miklar líkur á því, sérstaklega í kvennaflokki þar sem Annie, Katrín og Sara eru líklegar til að berjast um toppsætin.

Það eru meiri líkur þar en í karlaflokki. Mat Fraser, sem hefur unnið undanfarin tvö ár, virðist vera ósnertanlegur (e. alpha male).“

Þá keppa tveir Íslendingar í unglingaflokki í flokki 16-17 ára og því er ljóst að framtíðin er björt. Einnig er keppt í flokki sextugra og eldri sem er elsti flokkurinn á heimsleikunum.

kristinnpall@frettabladid.is

## 11 DAGAR í HM



**Alfreð Finnbogason**

**Aldur:** 29 ára
**Staða:** Framherji
**Félag:** Augsburg
**Landsleikir:** 46/12 mörk

## Nýjast

### Pepsi-deild karla

**Fjölnir - Valur 0-2**
0-1 Patrick Pedersen (19.), 0-2 Kristinn Freyr Sigurðsson (55.).

**FH - Keflavík 2-2**
0-1 Sindri Þór Guðmundsson (16.), 1-1 Geoffrey Wynton M. Castillion (40.), 1-2 Marc McAusland (44.), 2-2 Atli Guðnason (67.),

**Grindavík - Fylkir 2-1**
0-1 Hákon Ingi Jónsson (5.), 1-1 Björn Berg Bryde (62.), 2-1 Will Daniels (88.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Grindavík | 14 | Fjölnir | 9 |
| Valur | 12 | KA | 8 |
| FH | 12 | ÍBV | 8 |
| Breiðablik | 11 | Fylkir | 8 |
| Stjarnan | 10 | Víkingur R. | 6 |
| KR | 9 | Keflavík | 3 |

## Óbreytt hjá landsliðinu

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið skilaði inn 23-manna leikmannahópnum fyrir HM í Rússlandi í gær en engar breytingar voru gerðar á hónum.

Þjálfarateymið hafði möguleikann á því að skipta inn leikmönnum allt þar til 4. júní en ákvað að halda sig við sömu leikmenn og voru í upphaflega hópnum. **– kpt**


## Nokkrir góðir inn í sumarið

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



**Audi A8**
Quattro 4.2 V8 TDI
2012 — Ekinn 39.000 — 7.490.000 KR
4x4

Aðgerðahnappar í stýri, aksturstölva, armpúði, bakkmyndavél, Bluetooth símatenging, geislaspilari, hæðarstillanlegt sæti ökumanns, hiti í framrúðu, hiti í framsætum, hiti í stýri, hraðastillir, ISOFIX festingar í aftursætum, LED dagljós, leðuráklæði, litað gler, líknarbelgir, loftkæling, loftpúðafjöðrun, lykillaust aðgengi, minni í framsætum, rafdrifin framsæti, rafdrifnar rúður, rafdrifnir hliðarspeglar, regnskynjari, topplúga, Xenon aðalljós, 10 arma 20" álfelgur, dynamic steering, 4ja arma stýrishjól hitað, sóllúga, nálgunarvarar í stuðurum, Bose hljómkerfi, bluetooth, ljúflokun á hurðum, volcano leður, rafdrifin opnun/lokun á skottloki.


**Audi Q5** Quattro 2.0 TDI — 2016 — 6.490.000 KR — 30 — 4x4


**BMW 218D** F46 Grand Tourer — 2015 — 3.390.000 KR — 40


**Mitsubishi Pajero** Instyle 3.2 DID — 2016 — 6.390.000 KR — 67 — 4x4


**VW Caddy** 2.0 ECOFUEL MT — 2011 — ~~1.140.000~~ KR — TILBOÐ 920.000 KR — 88 — ECO


**Skoda Superb Combi** Style 2.0 TDI — 2017 — ~~5.290.000~~ KR — TILBOÐ 4.990.000 KR — 37


**VW Golf Variant** Comfortline R-Line 1.4 TSI — 2017 — 4.190.000 KR — 6

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Volkswagen
ŠKODA
MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM
HENSON DESIGN
Gæðarúm í miklu úrvali
Öll sæti og bak stillanlegt
RICCARDO rafstillanlegur tungusófi
BRUNSTAD
Brunstad hvíldarstóll
Öll sæti stillanleg
ISABELLA hægindasófi. Sjá nánar á lur.is
Stillanleg rúm
Svefnsófar í miklu úrvali og mörgum litum. Nokkrar stærðir í boði.
CALIA ITALIA
JACOB stóll frá Calia Italia
SITTING VISION hvíldarstólar
Öll sæti stillanleg
ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is
Stillanlegur höfuðpúði
GRACE hægindastóll
ORACOL tungusófi
BUGATTI ITALY
RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR
VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN
SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16
554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is
LÚR BETRI HVÍLD

# TÍMAMÓT



Okkar ástkæra
**Sólveig Ólafsdóttir**
lögfræðingur,
Bræðraborgarstíg 15, Reykjavík,

lést föstudaginn 1. júní í faðmi fjölskyldunnar á kvennadeild Landspítalans. Útförin verður auglýst síðar.

**Jónatan Þórmundsson**
**fjölskylda og vinir.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Elínborg Kristjánsdóttir**
Dvalarheimilinu Höfða,
(áður Þjóðbraut 1, Akranesi)
lést mánudaginn 28. maí sl.

**Jón Kristján Traustason** **Sigríður Þórarinsdóttir**
**Kristný Lóa Traustadóttir** **Ólafur Óskarsson**
**Sigrún Traustadóttir** **Guðmundur Árnason**
**Dröfn Traustadóttir** **Þorsteinn Bárður Sigurgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær sambýliskona mín, tengdamóðir, amma og langamma,
**Jóhanna Kristjánsdóttir**

andaðist þann 25. maí síðastliðinn.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks lungnadeildar LSH.

**F.h. aðstandenda, Þórarinn Óskarsson.**

Fyrirtækið er 50 ára í ár

**Netverslun og símaþjónusta**

Blómastofa Friðfinns

s. 553 1099 • blomabud.is • blomabud@blomabud.is




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

ÞETTA GERÐIST: 5. JÚNÍ 1885

## Fyrsta blaðagreinin eftir íslenska konu birt

Bríet Bjarnhéðinsdóttir birti grein undir dulnefni í Fjallkonunni þennan mánaðardag árið 1885. Það var fyrsta grein sem íslensk kona skrifaði í opinbert blað.

Greinin bar fyrirsögnina Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna og hana hafði Bríet skrifað strax sextán ára gömul en sýndi hana engum fyrr en þrettán árum seinna þegar hún birtist í Fjallkonunni 5. júní og 22. júní 1885 undir dulnefninu Æsa.

Bríet bauð sig fram til Alþingis, fyrst kvenna. Hefði ekki verið fyrir ný lög um útstrikanir hefði hún orðið fyrsta konan til að taka sæti á Alþingi. Hún var gift Valdimar Ásmundssyni ritstjóra Fjallkonunnar.

Árið 1894 var Bríet ein af stofnendum Hins íslenska kvenfélags. Árið 1895 hóf Bríet útgáfu á Kvennablaðinu, hún var jafnframt ritstjóri þess til 1926.



**Bríet Bjarnhéðinsdóttir.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Þorvaldur Jónsson**
fyrrverandi bæjarverkstjóri
Reyðarfirði,

andaðist á sjúkrahúsinu Neskaupstað miðvikudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Reyðarfjarðarkirkju laugardaginn 9. júní kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Austfjarða.

**Fjóla Jónsdóttir**
**Guðni Kristinn Þorvaldsson** **Þórdís Björk Björnsdóttir**
**Margrét Þorvaldsdóttir** **Elías Jónsson**
**Guðbjörg Harpa Þorvaldsdóttir** **Sævar Ingi Sverrison**
**Hólmar Karl Þorvaldsson** **Heiða Steingrímdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**



Ástkær faðir okkar, afi og bróðir,
**Pétur Hreinn Sighvatsson**
Njálsgötu 65, Reykjavík,

lést á nýrnadeild Landspítalans 24. maí síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Rán Bjargardóttir**
**Pétur Ómar Pétursson**
**Lára Guðbjörg Sighvatsdóttir**
**Rakel Sighvatsdóttir**
**Guðmundur Smári Sighvatsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,
**Sigurlína Þorsteinsdóttir**
kennari, Glæsibæ 7, 110 Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, fimmtudaginn 31. maí.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 11. júní klukkan 13.00.

**Gunnlaugur Hjaltalín Jónsson**
**Björn Axelsson** **Birna Bessadóttir**
**Jón Hjaltalín Gunnlaugsson** **Helga Guðjónsdóttir**
**Þór Gunnlaugsson** **Íris Ólafsdóttir**
**barnabörn og systkini.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðbjörg Jóhanna Vagnsdóttir,**
Fífumóa 1d, Njarðvík.

er látin,
Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðsteinn Einarsson**
**Kristín Einarsdóttir**
**Haukur Einarsson**



∞

Ástkær sonur okkar, stjúpsonur, bróðir, barnabarn og systursonur,
**Viktor Arnarsson Cilia**
Nýlendugötu 15a,
Reykjavík,

andaðist á Spáni þann 26. maí sl.
Bálför hans fór fram þann 1. júní.
Minningarathöfn verður haldin síðar á Íslandi.

**María Dís Cilia**
**Arnar Sigurbjartsson** **Unnur Malín Sigurðardóttir**
**Alexander Arnarsson Cilia** **Andri Freyr Arnarsson**
**Unnsteinn Magni Arnarsson**
**Margrét Guðmundsdóttir**
**Ása Jónsdóttir** **Sigurbjartur Helgason**
**Ivon Stefán Cilia** **Harpa Cilia Ingólfsdóttir**
**Victor Guðmundur Cilia** **Solveig Óladóttir**



Elsku hjartans móðir okkar, tengdamóðir og amma
**Björg Bjarndís Sigurðardóttir**
frá Hesteyri/Boðahlein 15, Garðabæ,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði fimmtudaginn 31. maí sl. Útförin fer fram föstudaginn 8. júní kl. 11.00 frá Garðakirkju í Garðabæ.

**Soffía Margrét Jónsdóttir**
**Guðmundur Jón Jónsson** **Hjördís Alexandersdóttir**
**Marín Rún Jónsdóttir** **Brynjúlfur Erlingsson**
**Gunnar Jónsson**
**Steinar Skarphéðinn Jónsson** **Sigrún Gissurardóttir**
**Rósa Ingibjörg Jónsdóttir** **Oddgeir Björnsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



Eiginmaðurinn minn, faðir og vinur,
**Pétur Einar Traustason**
Skriðustekk 12, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili okkar 28. maí síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Breiðholtskirkju miðvikudaginn 6. júní kl. 15.00.

**Nanna Sigurðardóttir**
**Þórunn Eir Pétursdóttir**
**Sigurður Freyr Kristinsson** **Marý Karlsdóttir**
**foreldrar, systkini og aðrir aðstandendur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Halldóra Sigurjónsdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður að Sjafnargötu 12, Reykjavík,

lést á Hrafnistu að morgni 23. maí.
Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju fimmtudaginn 7. júní kl. 13.00.

**Edda G. Björgvinsdóttir**
**Birgir Björgvinsson** **Ásta Edda Stefánsdóttir**
**Áslaug Högnadóttir** **Páll Haraldsson**
**Andri Björn Birgisson** **Johanna Velásquez**
**Brynja Dóra Birgisdóttir** **Ragnar B. Ragnarsson**
**Týr Fáfnir Stefánsson**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 5. JÚNÍ 2018



# Var enginn íþróttaálfur

Íris Hrönn Kristinsdóttir, viðskiptafræðingur og fjármálastjóri Íslensku lögfræðistofunnar, lærði einkaþjálfun meðfram fullri vinnu. Hana langar að nýta námið til að þjálfa unglinga og önnum kafnar mæður sem hafa lítinn tíma fyrir leikfimi. ➔2

„Upphaflega var ég að spá í að sækja um inngöngu í námið sumarið 2015 en mér fannst ég ekki beint eiga heima í því þar sem ég hef ekki mikinn bakgrunn í íþróttum. Ég sagði engum frá þessu og var viss um að fólk fengi algjört hláturskast ef það vissi af þessum draumi mínum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ENZYMEDICA®

Pizza í matinn?




Menntaskólinn í Kópavogi – #mklífið

Þekking - Þoski - Þóun - Þátttaka

Hjartað slær í MK

STÚDENTSNÁM:
• Alþjóðabraut
• Félagsgreinabraut
• Raungreinabraut
• Viðskiptabraut
• Opin braut
• Framhaldsskólabraut

GRUNNDEILD MATVÆLA OG FERÐAGREINA:
• Bakari
• Framreiðslumaður (þjónn)
• Kjötiðnaðarmaður
• Matreiðslumaður (kokkur) eða starfa í ferðaþjónustu

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS OG Á FACEBOOK SÍÐU SKÓLANS

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 8.JúNí

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000

#mklífið



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN I FERÐAMÁLASKÓLINN I LEIÐSÖGUSKÓLINN

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜

Ég er ekki mesti íþróttaálfurinn sem til er en ég ákvað samt sem áður að læra einkaþjálfun, því það má alveg. Svo kemur bara í ljós hvað ég geri að námi loknu,“ segir Íris Hrönn Kristinsdóttir sem útskrifast sem einkaþjálfari frá Íþróttaakademíu Keilis á Ásbrú á föstudaginn.

Íris er viðskiptafræðingur að mennt og hefur um árabil starfað sem fjármálastjóri Íslensku lögfræðistofunnar. Það lá því ekki beint við að hún færi að læra einkaþjálfun. „Ég var að hugsa um að fara í mastersnám í skattarétti og reikningsskilum en einkaþjálfunin heillaði mig meira. Upphaflega var ég að spá í að sækja um inngöngu í námið sumarið 2015 en mér fannst ég ekki beint eiga heima í því þar sem ég hef ekki mikinn bakgrunn í íþróttum. Ég æfði boltaíþróttir sem barn og lyftingar og hefðbundna líkamsrækt eftir að ég varð fullorðin, aðallega til að halda mér góðri af bakverkjum. Ég sagði engum frá þessu og var viss um að fólk fengi algjört hláturskast ef það vissi af þessum draumi mínum. Ég lét því ekki verða af því. Ári síðar ræddi ég þetta við manninn minn og vinkonu mína og það varð til þess að ég ákvað að sækja um. Í versta falli kæmist ég ekki inn í námið og það væri í sjálfu sér ekkert hræðilegt. Ég hafði þá samband við Keili og komst að því að umsóknarfresturinn var liðinn. Ég sendi samt sem áður tölvupóst og var í framhaldinu kölluð í viðtal. Svo komst ég inn í skólann, mér til mikillar undrunar og ekki síður ánægju,“ rifjar Íris upp.



Íris Hrönn var að hugsa um að fara í mastersnám í skattarétti og reikningsskilum en einkaþjálfunin heillaði hana meira. MYND/STEFÁN KARLSSON

## Ætlar að taka vinnufélagana í gegn

„Ég varð að tilkynna yfirmanni mínum að ég væri komin í nám og þyrfti að fá leyfi annan hvern föstudag. Það var auðsótt mál og ég er mjög þakklát fyrir hversu vel vinnufélagar mínir hafa stutt við bakið á mér. Það er ekki sjálfgefið að fá að stunda nám með vinnu. Ég vona að ég geti launað þetta einn daginn, kannski ég taki þau bara í einkaþjálfun,“ segir Íris brosandi.

Hún segist strax hafa fundið sig í náminu og kynnst skemmtilegu fólki. „Ég fann að ég átti vel heima þarna og námið lá vel fyrir mér. Það var góð tilfinning. Námið stóðst allar mínar væntingar og reyndist vera mjög áhugavert og ítarlegt. Mér kom mest á óvart hvað ég hef gaman af því að hjálpa öðrum og á auðvelt með að kenna. Það er gaman að fara út fyrir þægindarammann og finna nýja hlið á sjálfum sér. Slíkt eflir mann og eykur sjálfstraustið. Ég er rosalega ánægð með að hafa drifið mig í einkaþjálfarann,“ segir Íris ákveðnum rómi.

Hún lærði einnig heilmikið um mataræði og næringarfræði. „Við gerðum verkefni sem snerist m.a. um að skoða nesti unglinga, morgunmat barna, hvað við setjum almennt ofan í okkur og hvernig hægt er að velja hollari kostinn. Sálfræði var líka á stundaskránni en starf einkaþjálfara byggir mikið á henni. Fólk leitar ekki endilega til einkaþjálfara bara til að gera armbeygjur og upphífingar. Það vill líka tala við einhvern og það þarf einkaþjálfari að geta gefið af sér. Sjálf hef ég oft farið til einkaþjálfara og það hefur gefið mér mikið, fyrir utan að ég hef lært heilmikið á því.“

> „Mér kom mest á óvart hvað ég hef gaman af því að hjálpa öðrum og á auðvelt með að kenna. Það er gaman að fara út fyrir þægindarammann og finna nýja hlið á sjálfum sér. Slíkt eflir mann og eykur sjálfstraustið. Ég er rosalega ánægð með að hafa drifið mig í einkaþjálfarann.

## Langar að þjálfa unglinga og mömmur

Þegar Íris er spurð hvernig hana langi til að nýta sér þessa menntun kemur í ljós að hana langar mest að hjálpa unglingum að koma sér í gott form. „Einn kennarinn þjálfar unglinga í Þorlákshöfn og hann brennur virkilega fyrir því starfi. Ég var meira að segja að spá í að keyra son minn á æfingar til hans en svo fór ég að hugsa, af hverju hjálpa ég honum ekki sjálf? Ég er búin að koma upp góðri aðstöðu í bílskúrnum hjá mér og mig langar að athuga hvort einhverjir unglingar vilji koma til mín í skúrinn að æfa. Þetta er viðkvæmur aldur og ekki allir sem vilja fara á líkamsræktarstöðvar að æfa. Dóttir vinkonu minnar bað mig líka um aðstoð við að styrkja sig og núna hefur vinkona hennar bæst í hópinn. Það krefst þolinmæði að þjálfa unglinga en það er líka mjög gefandi. Þeir þurfa öðruvísi þjálfun en fullorðnir og það er mikilvægt að kenna þeim að gera æfingarnar rétt, því þá búa þeir að því fyrir lífstíð.“

Íris hefur einnig áhuga á að þjálfa mæður sem eiga erfitt með að finna tíma í sólarhringunum til að æfa. „Það er mikið talað um að fólk eigi að forgangsraða en það getur verið erfitt í dagsins önn, ekki síst þegar fólk vinnur langan vinnudag og hefur aðeins tíma á milli kl. 4 og 8 til að sinna börnunum sínum. Þá er erfitt að finna tíma til að fara líka í leikfimi. Þegar mín börn voru yngri fór ég í íþróttafötin þegar ég kom heim og ákvað með sjálfri mér að ekkert nema leti kæmi í veg fyrir að ég færi í ræktina eftir klukkan átta á kvöldin. Mig langar að bjóða konum upp á þann valkost að æfa hjá mér eftir kvöldmat. Það er kannski ekki besti tíminn fyrir líkamsrækt en þetta er kannski eini tíminn sem margar konur hafa. Ég ætla ekki að hætta í vinnunni minni en þetta er eitthvað sem mig langar líka til að gera.“

En hvað getur fólk gert sjálft til að koma sér af stað í líkamsrækt? „Ég er búin að læra að það þarf ekki alltaf að æfa í klukkutíma á dag, sex sinnum í viku til að ná árangri. Hver hnébeygja skiptir máli. Stutt gönguferð telur líka og það skilar árangri að gera æfingar í tuttugu mínútur heima í stofunni hjá sér. Árangurinn kemur ekki strax á morgun heldur er þetta langhlaup. Það verður að hugsa þetta sem breytingu á lífsstíl. Litlir hlutir skila líka árangri og það er gott að stefna á að hreyfa sig þrisvar í viku, hálftíma í senn og allt annað er bónus.“







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Ekki láta meltinguna eyðileggja fríið

Helmingur fólks fær meltingartruflanir á ferðalögum erlendis. Við þekkjum þetta flest af eigin reynslu eða okkar nánustu. Niðurgangur, hægðatregða og uppþemba eru algeng vandamál.

Þegar við ferðumst um langan veg á framandi slóðir eru meiri líkur á að verða fyrir matarsýkingum. Þá þurfum við að huga sérstaklega vel að meltingunni og passa upp á þarmaflóruna. **For travelling abroad** er einstök blanda góðgerla sem er sérhönnuð til að taka á ferðalögum.

Blandan inniheldur 4 tegundir gerla sem rannsóknir hafa sýnt að þola vel erfiðar aðstæður og geta hjálpað til við að koma í veg fyrir meltingaróþægindi og niðurgang á ferðalögum.

Bifidobacterium longum Rosell-175, Lactobacillus rhamnosus Rosell-11 og Lactobacillus acidophilus Rosell-52 eru allt vel rannsakaðar tegundir góðgerla sem þola vel hita og raka og komast lifandi niður í smáþarma og ristil þar sem þeir vernda og viðhalda vinveittu flórunni.

Saccharomyces boulardii er vinveitt gersveppategund sem hefur margar rannsóknir á bak við sig. Hún getur bundist skaðlegum sýklum í meltingarveginum, borið þá út með hægðum og komið þannig í veg fyrir að þeir valdi sýkingum. Enn fremur reynist hún ákaflega vel við niðurgangi og getur hjálpað við að stoppa hann og stytta tímann sem hann gengur yfir.

Best er að taka **For travelling abroad** í 3-5 daga áður en lagt er af stað í ferðalagið, á meðan á því stendur og í nokkra daga eftir að heim er komið.

Má gefa börnum frá 1 árs aldri – þá má opna hylkin og blanda í mat eða drykk sem er kaldur eða við stofuhita.

Mælt er með að taka 1 hylki á dag með morgunmat.






> Gott er að huga að meltingunni á ferðalögum og koma þannig í veg fyrir matarsýkingar. For travelling abroad er sérhannað til að taka á ferðalögum.

Ösp Viðarsdóttir
næringarþerapisti




# Optibac fyrir þarmaflóruna

Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.

**For every day** inniheldur sex tegundir af vel rannsökuðum vinveittum gerlum sem komast lifandi í smáþarmana. For every day inniheldur einnig prebiotic trefjar sem næra góðu gerlana.

### Hentar vel eftir notkun sýklalyfja

- Gott að taka eftir magapestir
- Inniheldur FOS trefjar sem næra góðu gerlana og styðja þannig enn frekar við flóruna
- Má opna hylkin og blanda í kaldan mat eða drykk – hentar vel fyrir börn
- Sýruþolin hylki
- 6 tegundir af breiðvirkum vinveittum gerlum í hverju hylki
- 1 hylki á dag með mat, helst með morgunmat

Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.






> Ég hef prófað margar gerðir meltingargerla en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.

Viðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur








**Samband við gæludýr gefur ómetanlegan stuðning og bætir andlega og líkamlega heilsu.** MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Það er hollt að eiga gæludýr

Það er á ýmsan hátt bæði andlega og líkamlega hollt að eiga gæludýr. Þau létta lundina, minnka streitu, draga úr þunglyndi, kenna mikilvægar lexíur, veita félagsskap og hvetja fólk til að hreyfa sig.



**Hundar draga eigendur sína út úr húsi og hjálpa þeim að fá nægilega hreyfingu.**



**Gæludýr geta gefið mikla lífsfyllingu og ást og dregið úr einkennum þunglyndis.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er góð ástæða fyrir því að katta- og hundamyndbönd eru eitt allra vinsælasta efnið á Youtube. Gæludýr eru miklir gleðigjafar og geta verið bæði fyndin og yndisleg. En það er ekki bara skemmtilegt að eiga gæludýr, heldur er það líka hollt, bæði andlega og líkamlega.

Rannsóknir sýna að gæludýr vinna gegn streitu. Nokkrar rannsóknir hafa komist að þeirri niðurstöðu að þegar fólk sem á gæludýr stendur frammi fyrir streituvaldandi aðstæðum sé hjartslátturinn hægari og blóðþrýstingurinn lægri ef þau hafa dýrin sín með sér heldur en ef þau eru ein eða með góðum vini.

Hundar hjálpa fólki mjög oft að hreyfa sig. Það er auðvelt að fresta æfingu fyrir sjálfan sig en það er erfitt að neita ferfættum félaga um nauðsynlega hreyfingu, þannig að hundur gerir hreyfingu að óhjákvæmilegum hluta af daglegri rútínu.

Þetta gerir þau holl fyrir hjartað. Samkvæmt American Heart Association, góðgerðarsamtökum sem vinna gegn hjartaveikindum, er fólk sem á gæludýr í minni hættu á að verða hjartveikt. Samkvæmt rannsókn sem var gerð á yfir 5.000 fullorðnum einstaklingum voru hundaeigendur 54% líklegri til að fá næga hreyfingu en þeir sem áttu ekki hunda, vegna þess að þeir fóru reglulega út með hundinn. Þessi hreyfing, plús streituminnkandi áhrif gæludýranna, þýðir að eigendur þeirra eru síður líklegir til að þjást af hjartavandamálum.

Gæludýr eru góð leið til að læra að axla ábyrgð. Fullorðnir geta lært betur að sýna ábyrgð og umhyggju við að tryggja velferð dýrsins og börn sem alast upp við að sjá um gæludýr læra hvað það er mikilvægt að bregðast ekki þeim sem reiða sig á þig.

Þar sem gæludýr eru oftast ekki langlíf geta þau líka kennt okkur um dauðann og hvað lífið er stutt og fallvalt. Dauði gæludýrs er alls ekki léttvægt áfall, en sú upplifun kennir okkur um leið um dauðann og sorgina sem honum fylgir, sem er óumflýjanlegur hluti af lífinu.

Gæludýr geta hjálpað fólki að mynda tengsl við aðra, sem er gríðarlega mikilvægur grundvöllur andlegrar heilsu. Hundaeigendur kynnast oft öðrum hundaeigendum eða hundaáhugamönnum þegar þeir viðra hundana og kattaeigendur geta myndað tengsl við aðra í gegnum sameiginlega umhyggju fyrir kisunni.

Það eru líka til rannsóknir sem gefa til kynna að fólk laðist meira að þeim sem eiga gæludýr. Flestir draga þá ályktun að fólk sem sýnir dýrinu sínu mikla umhyggju sé líklegra til að vera umhyggjusamir makar.

Gæludýr geta stundum verndað mann. Þau eru oft varari um sig en við mannfólkið og skynja stundum hluti sem við tökum ekki vel eftir og vara okkur við. Sumir hundar eru líka mjög gagnlegir varðhundar, ásamt því að vera góðir félagar.

Gæludýr dæma mann ekki og stundum er ekkert þægilegra en félagsskapur einhvers sem dæmir aldrei og hlustar bara á allt röflið í manni.

Gæludýr geta líka dregið úr einkennum þunglyndis með því að gefa fólki lífsfyllingu, tilgang og ást og láta það finna að einhver þurfi á því að halda, þurfi næringu, ást og umhyggju. Þegar heimurinn er grár og sambönd við fólk ganga illa er yndislegt að koma heim og sjá loðinn félaga fyllast gleði við að sjá þig. Þetta vinnur gegn einmanaleika og þegar fólk þarf að sjá um einhvern annan getur það líka leitt til þess að fólk sjái frekar framtíð og ástæðu til að reyna að láta sér líða betur. Þessi stuðningur getur verið algjörlega ómetanlegur.

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 5. JÚNÍ 2018



# Einstakur leiðangur Arctic Trucks eftir endilöngum Grænlandsjökli

Þrír sérútbúnir Toyota Hilux bílar óku 5.000 kílómetra leið og skráðu sig í sögubækurnar. →8



# Lyklalaus ræsing er lífshættuleg

Ein af þeim nýjungum í tæknibúnaði bíla sem sést nú í sífellt fleiri bílum er lyklalaus ræsing. Þá er ræsihnappur í mælaborðinu og ekki þarf að stinga bíllyklinum í sviss til að ræsa bílinn. Þetta hefur mörgum þótt þægileg nýjung en hún hefur einnig haft sína ókosti. Og það telst yfirleitt galli ef nýjungar drepa fólk í stórum stíl. Hættan er nefnilega sú að fólk telur sig hafa drepið á bílum sínum eftir að búið er að leggja bílnum inni í bílskúr en bíllinn er enn þá í gangi. Á þennan hátt hafa margir dáið úr koltvísýringseitrun á heimilum sínum. Sem dæmi um sorglegar afleiðingar þessa þá dóu 50 manns úr koltvísýringseitrun í Kanada í fyrra, þó svo að einhver hluti þeirra dauðsfalla hafi ekki borið nákvæmlega að höndum eins og áður hefur verið lýst.

## Vita ekki að bíllinn er í gangi

Hljóðlátar og þýðgengar vélar í nútímabílum hafa aukið á þessa hættu og lítið lát er á fréttum um hörmulegar afleiðingar af völdum ræsihnappa. NHTSA (National Highway Traffic Security Administration) í Bandaríkjunum og fleiri stofnanir hafa kallað eftir lausn frá bílaframleiðendum vegna þessara alltof tíðu dauðsfalla en það hefur engu skilað enn nema í viðvörunartexta sem fylgir bílunum við kaup. NHTSA hefur einnig bent á það að lélegir snertiskjáir í mælaborðum bíla eigi líka sök á mörgum dauðsföllum á bandarískum vegum, sem og rafrænar beinskiptingar á stýri margra bíla. Þar á bæ vilja menn meina að mikið af nýrri tækni hafi komið í bíla án þess að gætt hafi verið að öryggismálum við notkun þeirra. Einhver dæmi eru um að skyldmenni þeirra sem látið hafa lífið sökum bíls með ræsihnappi og dáið hafa af koltvísýringeitrum hafi farið í mál við bílaframleiðandann, en fáar sögur fylgja af árangrinum.






Volvo XC40 jepplingurinn.

# Volvo þarf að stórauka framleiðslu XC40

Volvo hefur fengið 80.000 pantanir í nýja XC40 jepplinginn og þarf að stórauka framleiðslu hans til að svara þessari miklu eftirspurn eftir bílnum. Bíllinn er framleiddur í verksmiðju Volvo í Gent í Belgíu. Volvo er kleift að auka framleiðslu hans þar vegna þess að hætt verður brátt framleiðslu á núverandi kynslóð S60 og V60 bílanna í verksmiðjunni. Næsta kynslóð þessara bíla verður framleidd í nýrri verksmiðju Volvo í Bandaríkjunum og í verksmiðju Volvo í Torslanda í Svíþjóð. Volvo XC40 jepplingurinn var kjörinn bíll ársins í Evrópu fyrir skömmu svo þar er ef til vill ekki nema von að mikil eftirspurn er eftir honum.

## Styttist í nýjan V40 langbak

Volvo segir að von sé á fleiri minni bílum frá fyrirtækinu og búist við því að brátt muni Volvo kynna nýja gerð V40 langbaks sem bætist þá í fjölbreytt úrval slíkra bíla með V60 og V90 stærri bræðrunum.

**» Volvo hefur fengið 80.000 pantanir í nýja XC40 jepplinginn og þarf að stórauka framleiðslu hans til að svara þessari miklu eftirspurn eftir bílnum.**

Enn fremur er S60 bíll á leiðinni frá Volvo og með því verða allar bílgerðir Volvo endurnýjaðar, en nýjum bílum Volvo hefur verið tekið með kostum að undanförnu og seljast þeir allir vel. Það eru því bjartir tímar hjá sænska framleiðandanum sem er í eigu hins kínverska bílaframleiðanda Geely. Svo fer einnig að styttast í hinn öfluga lúxusbíl Polestar 1, en Volvo stofnaði lúxusbíladeild undir merkjum Polestar. Polestar 1 verður 600 hestafla tengiltvinnbíll sem margir bíða eftir með mikilli eftirvæntingu.




Líklega verður barist um þennan bíl á uppboði í næsta mánuði.

# Aston Martin DB5 úr Goldeneye á uppboð

## Boðinn upp á Bonham Goodwood Festival uppboðinu og búist við að hann fari á 170 til 230 milljónir króna.

Hver vildi ekki eiga Aston Martin DB5 bílinn sem Pierce Brosnan ók í kappi við illkvendið Xeniu Onatopp á Ferrari 355 bíl í hlíðunum fyrir ofan Mónakó árið 1995 í James Bond myndinni Goldeneye? Áhugasömum skal bent á Bonham Goodwood Festival uppboðið þann 13. júlí og rétt að hafa eins og 170 til 230 milljónir króna í vasanum, en það er verðið sem búist er við að bíllinn fari á á uppboðinu. Síðast var þessi bíll til sölu árið 2001 og þá varð hann sá hlutur úr James Bond myndunum sem selst hefur fyrir mest fé. Það met verður líklega slegið á Bonham uppboðinu eftir rúman mánuð.

## Einn þriggja DB5 bíla úr Goldeneye

Þessi tiltekni bíll er einn þriggja DB5 bíla sem notaðir voru við tökur á atriðinu fræga í Goldeneye, einn var notaður í nærskot, en tveir sem „stunt“-bílar í eltingaleiknum. Báðir „stunt“-bílanir voru keyptir fyrir myndina á hóflegu verði, enda í fremur slöppu ástandi, en þeir voru lagaðir af Stratton Motor Company fyrir myndina. Bíllinn sem boðinn verður upp er annar þeirra, en hann var eftir myndina notaður til að auglýsa hana og hefur síðan t.d. verið til sýnis á National Motor Museum og Bond in Motion Exhibition í Covent Garden í London. Hinn „stunt“-bíllinn var síðan notaður í Skyfall myndina árið 2013, sem og í myndunum Tomorrow never dies og Spectre. Aston Martin DB5 er goðsagnakenndur bíll og einn eftirsóttasti bíll breskrar sportbílasögu og að auki hinn eini sanni James Bond bíll.

**» Áhugasömum skal bent á Bonham Goodwood Festival uppboðið þann 13. júlí og rétt að hafa eins og 170 til 230 milljónir króna í vasanum.**

BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 512 5457
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

# Ef þú sérð rétta bílinn þá viltu ekki bíða






**Nú er bílafjármögnun Arion banka orðin 100% rafræn**

Þegar rétti bíllinn er fundinn fer umsóknin í sjálfvirkt samþykktarferli og þú skrifar undir með rafrænum skilríkjum. Þetta þýðir að þú getur tekið bílasölurúntinn hvenær sem er og klárað málið á staðnum, eftir vinnu, á laugardögum – hvenær sem er meðan bílasalan er opin.

arionbanki.is

Bílafjármögnun **Arion banka**

# Bílarafhlöður Nissan tryggja raforkuöryggi á Amsterdam Arena

**Treysta á 148 bílarafhlöður frá Nissan en þær fá orku frá fjögur þúsund sólarsellum á þaki leikvangsins.**



Amsterdam Arena

Kaflaskil verða í sögu og starfsemi hollenska íþróttaleikvangsins Arena í Amsterdam 29. júní þegar kveikt verður á afar öflugri 3 MW xStorage orkustöð sem geymir og miðlar raforku af 148 bílarafhlöðum frá Nissan. Rafhlöðustöðin, sem fær orku frá fjögur þúsund sólarsellum, mun stórauka orkunýtni, raforkustöðugleika, afhendingaröryggi og ljósagæði á leikvanginum. Um kvöldið heldur Ed Sheeran tónleika á Arena. Verkefnið er afrakstur tíu ára samstarfssamnings sem gerður var í nóvember 2016 og fól í sér að setja upp fjögur þúsund sólarrafhlöður á þak leikvangsins og síðan öfluga orkustöð á jarðhæð sem byggir á xStorage hreinorkuverkefninu sem Nissan hefur þróað og sem víða er verið að taka í notkun í Evrópu.

## 148 rafhlöður frá Nissan

Orkustöðin inniheldur 63 uppgerðar og 85 nýjar bílarafhlöður frá Nissan. Orkustöð Arena var sérstaklega þróuð og hönnuð fyrir leikvanginn og 2017 hlaut kerfið nýjungar- og frumkvöðlaverðlaunin Accenture Innovation Award. Nissan, orkustýringarfyrirtækið Eaton, orkusölufyrirtækið The Mobility House og hollenska frumkvöðlafyrirtækið Amsterdam Energy Arena standa að Arena-verkefninu og nú er verið að ljúka frágangi við uppsetningu kerfisins í sérstakri byggingu við leikvanginn áður en orkustöðin verður ræst með blaðamannafundi þann 29. júní.

## Tryggir afhendingaröryggi

Orkustöðin getur séð Arena fyrir raforku óháð öðrum kerfum sem þýðir að þótt rafmagnið fari af nálægum hverfum eða jafnvel allri Amsterdamborg munu ljósin skína áfram á Arena þegar þar eru íþróttaleikir eða stórtónleikar. Nú tryggja dísilvélar afhendingaröryggi á viðburðum Arena. Með xStorage mun kolefnisfótspor vegna starfsemi á Arena lækka. Einnig verður hægt að deila umframraforku af xStorage út á almenna raforkukerfið og afla tekna þannig að framkvæmdaaðilar verkefnisins fái fyrr kostnaðinn greiddan til baka. Þegar reynslu hefur verið aflað af rekstri kerfisins er ætlunin að bjóða fleiri orkufrekum aðilum lausnina til notkunar með uppsetningu sams konar orkustöðvar hjá sér.

## Framfarir á umhverfissviði

xStorage rafhlöðuorkustöðin á Arena er sú stærsta sinnar tegundar sem komið hefur verið upp fyrir starfsemi eins og þá sem Arena hýsir. Verkefnið er talið marka tímamót á raforkumarkaði sem geti leitt til umtalsverðra framfara í umhverfismálum fjölgi sambærilegum og sjálfbærum orkustöðvum í heiminum á borð við xStorage, sem er bæði öruggt og ódýrt miðað við afköst.


ARCTIC TRUCKS AT35

FRÁBÆR KOSTUR FYRIR FERÐALÖG AÐ SUMRI SEM VETRI




AT35 LAUSNIR

Arctic Trucks býður AT35 lausnir fyrir margar tegundir bíla.
Lausnin er frábær kostur fyrir þá sem vilja öflugan bíl til fjallaferða að sumri en auk þess aukna drifgetu í snjó. Arctic Trucks kemur þér örugglega í fríið allan ársins hring!
**Verð frá kr. 1.850.000,-**



TOYOTA HILUX AT35




NISSAN NAVARA AT35



TOYOTA LC150 AT35



ISUZU D-MAX AT35

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.com

SUZUKI Way of Life!

KOMDU OG PRÓFAÐU SWIFT SPORT

# NÝR SWIFT *Sport*

## NÝR, SPORTLEGUR OG SPENNANDI SWIFT SPORT



SUZUKI SWIFT SPORT ER MEÐ 140 HESTAFLA 1,4L BOOSTERJET MÓTOR. SWIFT SPORT ER AÐEINS 970 KG SVO AÐ AFLIÐ KEMST ALLT TIL SKILA.

KOMDU OG REYNSLUAKTU ÞESSUM FRÁBÆRA BÍL.

**VERÐ KR. 3.260.000**

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**

## SUZUKI SWIFT SPORT

- 1,4 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 140 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 125 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 8,1 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 210 km/klst.
**Verð frá:** 3.260.000 kr.
**Umboð:** Suzuki Skeifunni

Kostir:
- Akstursfhæfni
- Útlit
- Innrétting
- Verð

Gallar:
- Lítið skottrými


Suzuki Swift Sport er með fallegri smábílum og með þeim allra skemmtilegustu í akstri.






# Ódýrasta skemmtunin

**Ný kynslóð Suzuki Swift Sport slær annars frábærum forveranum við og nú er hann mættur með nýja forþjöppudrifna vél. Leit er að akstursfhæfari litlum sportbíl og ekki kostar hann mikið þrátt fyrir mikinn búnað.**

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Suzuki Swift Sport hefur alltaf verið ótrúlega skemmtilegur bíll og reynsluakstur síðustu kynslóðar hans fyrir nokkrum árum er greinarritara enn ákaflega minnisstæður og eingöngu vegna þess hve dásamlegur bíll var þar á ferð. Lítill og snöggur orkubolti sem sannarlega tollir á veginum og elskar að fara hratt í beygjurnar. En nú er kominn nýr Suzuki Swift Sport og margt hefur breyst, til dæmis er hann loksins kominn með forþjöppudrifna vél en fáir bílaframleiðendur hafa dregið eins lengi að vopna sportbíla sína með forþjöppu. Vélin er nú með 1,4 lítra sprengirými en forverinn var með 1,6 lítra vél, en samt hefur aflið aukist. Aflaukningin er samt ekki sláandi, eða aðeins fjögur hestöfl, en það segir ekki alla söguna því togið hefur aukist gríðarmikið og fullt afl vélarinnar næst við 2.500 snúninga en í forveranum þurfti að fara ansi hátt í snúningskúrfunni til að ná því fram. Talandi um hestöfl þá sést hér best að þau eru oft á tíðum ekki aðalmálið og vert að hafa í huga að bíllinn er aðeins 975 kíló og hefur lést um heil 70 kíló á

> Lítill og snöggur orkubolti sem sannarlega tollir á veginum og elskar að fara hratt í beygjurnar.

milli kynslóða. Því er bíllinn með flott afl á hvert kíló. En afl er ágætt en hegðun skiptir enn meira máli og þar skorar Suzuki Swift Sport svo ferlega hátt.

## Fantaskemmtilegur akstursbíll

Að aka þessum bíl, sem nota bene, er náttúrulega beinskiptur, er eitthvað sem hver áhugamaður um góða bíla ætti að reyna. Þar fer ein alskemmtilegasta stökkmús sem fá má. Það er hreinn unaður að henda þessum bíl fyrir hornin, hvað þá um hringtorgin og það sem meira er, hann étur upp hinar brjálæðislegu mörgu hraðahindranir höfuðborgarsvæðisins af bestu list. Slaglengdin í fjöðruninni að framan er ekki lengur eins stutt og í fyrri kynslóð Swift almennt og því má alveg fara dálítið hratt yfir hindranirnar. Talandi um fjöðrunina þá er hún stífari en í forveranum, án þess þó að vera óþægilega stíf og hliðarhalla gætir enn minna.

## Fullt afl kemur snemma inn

Ein stærsta breytingin við að aka nýja bílnum er að nú þarf ekki að hanga í gírunum eins lengi því aflið kemur svo fljótt inn og aksturinn verður átakaminni og ekki eins hávær. Má þetta þakka forþjöppunni, auknu togi og hve snemma fullt afl kemur inn. Samt er hrikalega gaman að láta hann snúast talsvert milli skiptinga og finna hve vel hann togar í hverjum gír. Suzuki Swift Sport er nú 8,1 sekúndur í hundraðið og hámarkshraðinn er 210 km/klst. Þetta hljómar kannski svo áhrifamikið, en enn og aftur, það er ekki það sem skiptir öllu máli, það er bara svo gaman að keyra þennan geggjaða smábíl. Fimi hans og hegðun öll er með því allra skemmtilegasta sem kaupa má og það í þessu tilfelli fyrir aðeins 3.260.000 kr. Ódýrari verður skemmtunin vart.









**Sérdeilis laglegur smábíll hér á ferð. Þó svo efnisval í innréttingunni sé ekki með ríkulegasta móti er hún lagleg og sportleg. Skottrými hefur aukist á milli kynslóða. Felgurnar undir bílnum eru með þeim flottari.**

Reyndar er bíllinn svo skemmilegur og vænn í hröðuninni að flestir halda örugglega að hann sé mun fljótari í hundraðið.

## Gullfallegur að innan sem utan

Eins og sönnum sportbíl hæfir er bíllinn ekki bara sportlegur í ytra útliti, heldur einnig að innan. Fyrst að ytra útlitinu. Venjulegur Suzuki Swift er ferlega fallegur bíll og það voru eldri kynslóðir hans líka. En Suzuki Swift Sport er enn þá fallegri með alls konar sportlegar viðbætur og tvö stóru pústin að aftan hjálpa enn til að greina hann frá venjulegum Swift. Hver sá sem áhuga hefur á að eignast Suzuki Swift Sport ætti að kaupa hann í gula litnum sem Suzuki ákvað að nota sem kynningarlit bílsins, en þetta er sami litur og keppnisbílar Suzuki bera í rallakstri. Í sýningarsal Suzuki í Skeifunni er nú einn slíkur. Að innan heldur sportlegt útlitið áfram og þó svo efnisvalið sé ekki meðal hins ríkulegasta er allt innanborðs hrikalega flott og sportlegt. Bíllinn er nú aðeins framleiddur 5-dyra en var áður til í 3-dyra útfærslu. Handföngin á afturhurðunum eru falin ofarlega á hurðinni, smáatriði sem eykur á sportleikann. Swift Sport er nú svo vel búinn að engin ástæða er til að sérpanta einhverjar viðbætur, þarna er allt sem þarf. Allra síst væri ráð að kaupa aðrar álfelgur undir bílinn því hann kemur á hrikalega flottum 17 tommu felgum. Þeim sem hafa gaman af frábærum akstursbílum og sætta sig við að hafa hann lítinn skal bent á þennan ofurskemmtilega bíl.



# Arctic Trucks fór endilangan Grænlandsjökul á þremur Hilux

**Fóru 5.000 kílómetra leið frá suðri til norðurs, eða fimm sinnum lengra en nokkur annar bílaleiðangur hefur farið á Grænlandsjökli og bætir enn einni fjöðrinni í hatt Íslendinga.**



Gríðalega mikill farangur er nauðsynlegur í svona langferðir. MYNDIR/EMIL GRÍMSSON

Árið 1999 stóð Arctic Trucks á bak við leiðangur sem fetaði í fótspor norska landkönnuðarins Fridthjof Nansen og þveraði Grænland á þremur bílum frá Nuuk til Isortoq og aftur til baka, kom niður hjá Kangerlussuaq og fór alls um 1.200 km leið. Nú, 19 árum seinna, stóð Arctic Trucks fyrir öðrum leiðangri á Grænlandsjökul með Expedition 7 og fór þetta skiptið yfir 5.000 km leið.

Leiðangurinn hófst hjá hreindýrabóndanum Stefáni Magnússyni, hjá hreindýrastöðinni Isortoq þann 19. apríl og og var ekið í um 800 km norður og síðan um 750 km yfir að austurströndinni til að ná í eldsneyti. Þá var farið alla leiðina norður og niður af jöklinum á skaga sem heitir Wulff Land. Eftir stutta dvöl þar hélt leiðangurinn til baka og kom niður hjá Kangerlussuaq með viðkomu á Summit Station. Að lokum keyrði leiðangurinn „The Arctic Circle Trail“, sem er 4.000 ára þjóðleið milli Kangerlussuaq og Sisimiut, þar sem leiðangrinum lauk.


Vel klyfjaður bíll fyrir 5.000 kílómetra leiðangur.


Eldsneytisblöðrur voru dregnar eftir endilöngum jöklinum.

### Vísinda- og könnunarferð

Hvatinn að þessum leiðangri var að takast á við stóra áskorun fyrir menn, bíla og útbúnað, nokkuð sem aldrei hafði verið gert áður, fræðast um þetta magnaða land, kanna og upplifa. Auk þessa safnaði leiðangurinn snjósýnum fyrir University of Utah, safnaði veðurupplýsingum og tók nákvæmar hæðarmælingar á jökli fyrir Danmarks Tekniske Universitet. Undirbúningur stóð yfir lengi, stór hluti af þessu svæði var lítt þekktur af leiðangursmönnum.

Arctic Trucks hefur aflað sér gríðarmikillar reynslu í þróun bíla og skipulagningu heimskautaleiðangra og E7 hefur staðið að leiðangri í öllum heimsálfum. Fyrir Arctic Trucks er þátttaka í leiðöngrum mikilvæg til að byggja upp vörumerkið og eins í vöruþróun og er gaman að segja frá því að verkfræðingar Toyota ráðfærðu sig við Arctic Trucks við hönnun og þróun nýjustu kynslóðar Toyota Hilux.


Þrír sérútbúnir Toyota Hilux bílar voru með í för.

### Drógu eldsneytisblöðrur á bílunum

Jökulröndin í upphafi ferðar var bæði skorin og sprungin og því þurfti að þræða hárfína leið þar til komið var vel upp á jökul. Þegar upp var komið voru sleðarnir með eldsneytisblöðrunum tengdir bílunum og er þetta sennilega í fyrsta skipti sem slíkar eru notaðar í svona leiðangri með bílum en þessir sleðar hafa verið notaðir aftan í snjósleða. Leiðangursmenn höfðu trú á þessu og treystu á að þetta myndi virka.

**» Leiðangurinn í heild telst til tímamóta í ferðum á bílum um Grænlandsjökul og í fyrsta skipti sem þetta er gert. Farið var fimm sinnum lengra en nokkur annar bílaleiðangur hefur farið á Grænlandsjökli og er enn ein fjöðrin í hatt Íslendinga.**

Ýmis vandamál komu þó upp, erfiðlega gekk að festa tankana almennilega niður, sleðarnir þoldu illa hið mjög harða og óslétta yfirborð á austurströndinni og festingar við bílinn átust upp. En með ýmsum lagfæringum var hægt að láta þetta ganga upp.


Það urðu margar hindranir á vegi leiðangursmanna en úr öllu var leyst.

### Ferðin markar tímamót

Leiðangurinn í heild telst til tímamóta í ferðum á bílum um Grænlandsjökul og í fyrsta skipti sem þetta er gert. Farið var fimm sinnum lengra en nokkur annar bílaleiðangur hefur farið á Grænlandsjökli og enn ein fjöðrin í hatt Íslendinga. Sjö manna leiðangursteymið lagði hart að sér og skilaði sínu hlutverki frábærlega, líkt og Íslendinga er von og vísa. Mætti teymið afar fjölbreyttum vandamálum á leiðinni en leysti þau öll, sem í fyrri leiðöngrum Arctic Trucks.




## FORD KUGA TITANIUM S AWD

- 150 hestafla dísilvél
- Leðuráklæði á sætum
- Rafdrifnar stillingar á ökumannssæti
- Fjölstillanlegt farþegasæti
- Öryggispakki
- Vindskeið að aftan
- Upphitanlegt stýri
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17“ Titanium álfelgur
- Málmlitur
- Varadekk

# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstursеiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR

**VERÐ: 5.610.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ:**

**5.190.000 KR.**

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**

## JAGUAR E-PACE

- 2,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 180 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 147 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 9,3 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 207 km/klst.
**Verð frá:** 5.990.000 kr.
**Umboð:** BL

Kostir:
- Aksturshæfni
- Útlit
- Innrétting

Gallar:
- Skottrými
- Verð í dýrustu útgáfum




Jaguar E-Pace.

# Betri bróðirinn er E-Pace

**Jaguar E-Pace slær út þeim stærri, F-Pace, hvað flest varðar, er aksturshæfur og laglegur jepplingur sem fæst í miklu vélarúrvali. Með E-Pace harðnar verulega samkeppnin meðal lúxusjepplinga.**

Litlir jepplingar er líklega heitasti flokkur bíla um þessar mundir er kemur að sölu og vöxtur í sölu þeirra á milli ára telst í tugum prósenta. Í þessum flokki bíla vilja allir bílaframleiðendur taka þátt, jafnt stórir sem smáir framleiðendur. Jaguar telst til þeirra smærri og keppir í lúxusflokki og því er þessi Jaguar E-Pace bíll að keppa við bíla eins og Audi Q3, BMW X1 og Mercedes Benz GLA. Þar sem að Jaguar er systurfyrirtæki Land Rover er náttúrulega hætt við því að ýmislegt í þessum bíl sé upprunnið hjá Land Rover jepplingi, þ.e. Range Rover Evoque, enda er undirvagn bílsins sá sami. Þeir eru þó talsvert ólíkir í útliti, báðir fallegir, en Jaguar kubbslegri en margir myndu segja að Evoque sé fágaðri í útliti. Í tilfelli greinarritara hefur E-Pace vinninginn er kemur að ytra útliti, enda hér á ferð einn fríðasti jepplingur götunnar. Nafnið E-Pace gæti þótt villandi, en hér er ekki um að ræða bíl sem gengur fyrir rafmagni, hvorki að hluta til né einvörðungu. Hann býðst aðeins með brunavélum þó svo rafmagnsútgáfa hans sé í kortunum eftir 2021.

### Fimm vélarkostir

Vélbúnaðurinn sem í boði er í E-Pace er æði fjölbreyttur, þrjár dísilvélar, 150, 180 og 240 hestafla og tvær bensínvélar, 250 og 300 hestafla. Allar eru þær af nýrri Ingenium gerð og afskaplega skilvirkar. Bíllinn sem reyndur var að þessu sinni var með 180 hestafla dísilvél og dugði hún bílnum vel, án þess að hann teljist nokkur orkubolti með henni. Til þess þarf stærstu dísilvélina eða bensínvélarnar, en það myndu væntanlega margir sakna afls með aflminnstu dísilvélinni, en með henni er hann ódýrastur og eyðir og mengar minnst. Hjá BL eru nú í boði 150 og 180 hestafla dísilvélarnar, enda er bíllinn með þeim fyrir vikið á ágætu verði, en hætt við að bensínútgáfurnar geri veskið heldur létt. Bílinn má þó panta hjá BL með öllum vélagerðunum. E-Pace má einnig fá eingöngu með framhjóladrifi, þó svo engir slíkir séu komnir til landsins enn sem komið er, en beinskiptan slíkan bíl má fá á allt niður í 4.990.000 krónur með aflminnstu dísilvélinni.







Vélbúnaðurinn sem í boði er í E-Pace er æði fjölbreyttur, þrjár dísilvélar, 150, 180 og 240 hestafla og tvær bensínvélar, 250 og 300 hestafla. Allar eru þær af nýrri Ingenium gerð og afskaplega skilvirkar.

### Mikil aksturshæfni

Það eru þó ekki vélarnar sem gera þennan bíl svo eftirminnilegan, það er aksturshæfni hans. Það er líkt og honum hafi ekki verið sagt að hann sé jepplingur heldur fari þar enn einn af afar aksturshæfum fólksbílum Jaguar. Svo fimur er hann á vegi að ökumaður verður reglulega að minna sig á að hann sé að aka jepplingi. Að beina nefinu á honum gegnum krappar beygjur er svo fyrirhafnarlítið á mikilli ferð að undrun sætir. Leit er að svona aksturshæfni í jepplingi og óhjákvæmilega koma aðrir tveir næstum jafningjar hans hvað aksturshæfni varðar upp í hugann, Alfa Romeo Stelvio, sem er þó öllu stórvaxnari og Volvo XC40.

### Flottari að innan en F-Pace

Það kemur nokkuð á óvart að innanrými E-Pace skuli vera flottara en í stóra bróðurnum F-Pace. Þannig er það nú samt og kannski ekki á pari við verðið. E-Pace er nýrri bíll og Jaguar virðist í millitíðinni hafa áttað sig á því að kaupendum fannst örlítið skorta á íburð þar sem hér fara bílar frá þekktu lúxusbílamerki. Það næst í tilfelli E-Pace, en ekki í F-Pace, sem greinarritara hefur grunað að Jaguar hafi flýtt sér of mikið með á markað. Efnisnotkun er vandaðri í E-Pace og hönnun flottari. Auk þess kemur líka á óvart að bíllinn virkar ekkert minni að innan en stærri bróðirinn. Það er ekki fyrr en komið er aftur í skott sem einhver gæti saknað rýmis, en þar sem þetta er stuttur og kubbslegur bíll er flutningsrýmið ekki af stærri gerðinni, eða 425 lítrar. Það er þó stærra en í Audi Q2, minna en í Audi Q3 og miklu minna en í BMW X1. Stór 12,3 tommu snertiskjár, sem mjög þægilegt er að nota, prýðir mælaborðið, sem í heild er fjári laglegt. Allt virðist einkar vel smíðað í bílnum og kemur það kannski ekki neitt á óvart í ljósi þess að bíllinn er settur saman í verksmiðju Magna Steyr í Austurríki, sömu verksmiðju og smíðar Mercedes Benz G-Class. Það kæmi ekki svo mikið á óvart að Jaguar E-Pace yrði mjög fljótt söluhæsta bílgerð Jaguar, en hér á ferð er mjög vel heppnaður bíll sem fá með allt niður að sex milljón króna verðmiða.

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU-AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

ABOVE & BEYOND

landrover.is




## DISCOVERY SE

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

DISCOVERY SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 10.290.000 kr.

## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem fæst í 5 eða 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hinu annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 6.890.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM87822

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# BÍLAR

## Porsche 911 í tveimur tengiltvinnútfærslum

Það hefur verið vitað í nokkurn tíma að Porsche vinnur nú að tengiltvinnútfærslu af hinum goðsagnakennda 911 sportbíl sínum. Það telst þó til frétta að líklega verða útfærslurnar tvær, sú aflminni þó öflugri en hefðbundin Carrera útfærsla bílsins og sú aflmeiri á pari við 911 Turbo og því mjög öflugur bíll. Í þeim aflminni verður uppsetningin ámóta og í Porsche Cayenne E-Hybrid og rafmótorinn á milli vélarskiptingar. Porsche segir að uppsetning bílanna beggja verði meira hugsuð til að auka akstursgetu bílsins fremur en að einblína á minni eyðslu og umhverfisvæna þætti og er slíkt í anda við almenna sýn Porsche til bíla sinna. Öflugri gerðin með tengiltvinnaflrás verður í ætt við Porsche Panamera E-Hybrid sem er öflugasta bílgerð Porsche um þessar mundir. Í herbúðum Porsche er ýjað að því að þessi útfærsla hans verði um 700 hestöfl, en það yrði þá öflugasta smíðagerð Porsche. Líklega munu þessar tvær nýju gerðir fyrst koma með nýrri kynslóð 911 bílsins, svo einhver bið verður eftir þessum bílum.

> Í herbúðum Porsche er ýjað að því að þessi útfærsla hans verði um 700 hestöfl.



Porsche 911 gerðunum fjölgar um tvær.



Skoda Octavia 1998 árgerð.

## Fór 1.298 km rúnt á tankinum

Þessi fyrsta árgerð Skoda Octavia af árgerð 1998 með 1,9 lítra dísilvél fór 1.298 km leið um daginn á milli London og Nürburgring-brautarinnar í Þýskalandi og til baka. Octavia-bíllinn er með 60 lítra tanki og það dugar honum til að komast næstum allan hringinn kringum Ísland samkvæmt þessu. Eyðsla bílsins á þessari leið um evrópska vegi var 3,8 lítrar, enda var tankurinn ekki tómur á leiðarenda. Þessum tiltekna Skoda Octavia bíl hefur verið ekið 695.000 kílómetra og virðist eiga nóg eftir. Ferðin á milli London og Nürburgring brautarinnar tók 24 klukkustundir og ímynda má sér að þreyttir bílstjórar hafi stigið út úr bílnum á leiðarenda. Tilgangur ferðarinnar var að sýna hversu lítil eyðsla þessa bíls er og að gamlir bílar þurfi ekki að vera úr sé gengnir eða að eyðsla þeirra hafi aukist að ráði með aldrinum. Það voru starfsmenn CarThrottle bílavefsíðunnar sem gerðu sér þetta að leik.



Fiat 500 og fögur fljóð.

## Fiat Chrysler sleppir alfarið bílasýningunni í París þetta árið

Enginn bíll frá Fiat Chrysler bílasamstæðunni verður á pöllunum á bílasýningunni í París í byrjun október. Það þýðir enginn Alfa Romeo, Jeep eða Fiat bíll, en samt verður þar að finna Maserati, sem og Ferrari. Maserati tilheyrir enn þá Fiat Chrysler samstæðunni en Ferrari hefur verið aðskilið frá henni og er orðið sjálfstætt fyrirtæki. Fiat Chrysler er alls ekki eina fyrirtækið sem mun skrópa í París, en áður hafa Ford, Infinity, Mazda, Mitsubishi, Nissan, Opel, Subaru og Volvo tilkynnt að þau verði ekki á sýningunni. Svo virðist sem bílaframleiðendur líti ekki lengur á bílasýningar sem þá nauðsyn sem áður var fyrir markaðssetningu bíla sinna. Til dæmis hafa þýsku lúxusbílaframleiðendurnir Benz, BMW og Audi tilkynnt að þau muni ekki taka þátt í næstu bílasýningu í Detroit.






**AKU SUPERALP GTX** | **34.990 kr.** | STÆRÐIR 35-48

# Hafðu (AKU) með í valinu

Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.




| Lágir gönguskór / borgarskór | Lágir gönguskór / borgarskór | Gönguskór með góðan stuðning | Gönguskór með góðan stuðning | Léttir gönguskór | Lágir, millistífir gönguskór |
|---|---|---|---|---|---|
| AKU Climatica NBK GTX | AKU Climatica Suede GTX kvenna | AKU ALTERRA GTX kvenna | AKU ALTERRA GTX | AKU TRIBUTE GTX | AKU TENGU LOW GTX |
| 24.990 kr. | 22.990 kr. | 27.990 kr. | 27.990 kr. | 21.990 kr. | 23.990 kr. |

## Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins

**Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar**




Kestrel 38L göngupoki 26.990 kr.

**Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega. Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.**



Aether AG 70L
Burðarbakpoki
**41.990 kr.**

Zealot 15L
Hjólabakpoki
**16.990 kr.**

Daylite 13L
Alhliða bakpoki
**8.990 kr.**

Talon 6L
fyrir göngu- og hlaupafólk
**12.990 kr.**

Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
**26.990 kr.**

Talon 33L
Fisléttur alhliða göngupoki
